
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Mat á tilraun í Norðlingaskóla:

Með breytt vinnutímaskipulag kennara byggt á bókun fimm í
kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands
Íslands

Mat unnið fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar

Nóvember, 2008

Kristín Erla Harðardóttir

Ásdís A. Arnalds

1. INNGANGUR	3
2. Gagnasöfnun	6
3. Um starfshætti í Norðlingaskóla	8
4. Tímaskýrslur kennara	12
5. Niðurstöður vinnustaðargreiningar	14
6. Niðurstöður viðtala	16
6.1 Sýn kennara og stjórnenda Norðlingaskóla	16
6.2. Upplifun foreldra af starfsemi Norðlingaskóla.....	21
6.3. Sýn annarra er að málinu koma	23
7. Lokaorð.....	27
VIÐAUKI.	29

1. INNGANGUR

Menntasvið Reykjavíkurborgar fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í lok maí 2008 að gera úttekt á áhrifum og væntingum til starfstilhögunar Norðlingaskóla í Reykjavík. Samskonar úttekt var gerð vorið 2006 þegar skólinn hafði nýlokið fyrsta starfsári sínu.¹ Frá stofnun skólans, hefur hann starfað á grundvelli bókuar fimm í kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskóla.

Í kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskóla með gildistíma frá 1. ágúst 2005 til og með 31. desember 2007 er bókun fimm svohljóðandi:

Samningsaðilar eru sammála um að skapa tækifæri á samningstímabilinu fyrir grunnskóla að taka upp í tilraunaskyni til eins skólaárs í senn, hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga, þ.e. á bilinu kl. 8:00 til 17:00 og innan þeirra tímamarka sé öll vinnuskylda kennara, kennsla, undirbúningstími, verkstjórnartími og tími vegna símenntunar. Samkomulag milli skóla og sveitarfélags skal borið undir samstarfsnefnd.

Í samningi um framlengingu og breytingar á kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskóla með gildistíma frá 1. júní 2008 til og með 31. maí 2009 er undir 13. grein að finna leiðbeiningar um framkvæmd bókuar fimm². Þar segir að markmiðið sé að veita kennurum og stjórnendum tækifæri til að gera samkomulag um breytingar á vinnutímaákvæðum sem miði að því að auka sveigjanleika í skólastarfi og auka samvinnu og teymisvinnu. Að auki skal tryggt að kennarar lækki ekki í launum við að starfa undir bókun fimm:

Nái kennarar og skólastjóri samkomulagi um breytingar á vinnutíma-fyrirkomulagi, þannig að öll vinnuskylda kennara fari fram á tímabilinu kl. 8:00 til kl. 17:00, skal það tryggt að þau kjör sem kennarar fá fyrir breytt skipulag verði aldrei lakari en ella hefði verið við óbreytt vinnutímaskipulag. Samkomulag af þessu tagi á að gefa möguleika á hærri launum.

¹ Sjá Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson (2006). *Mat á tilraun í Norðlingaskóla: Með breytt vinnutímaskipulag kennara byggt á bókun fimm í kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands*. Unnið fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

² Sjá viðauka.

Enn fremur er í samningi um framlengingu og breytingu á kjarasamningi að finna ákvæði um að kennsluskylda skuli höfð í heiðri og að breytt vinnutímaskipulag skuli að öllu jöfnu ekki kalla á aukið álag á kennara eða minni sveigjanleika. Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér bókun fimm þurfa samkvæmt framlengdum kjarasamningi ekki að bera það undir samningsaðila eða Félag Grunnskólakennara eins og áður.

Markmið þessarar úttektar er að fá innsýn í væntingar ólíkra hópa til bókunar fimm og starfsemi Norðlingaskóla. Nemenda- og kennarafjöldi við skólann hefur margfaldast frá því síðasta úttekt fór fram. Á fyrsta starfsári skólans, veturinn 2005 til 2006, voru einungis 40 nemendur við skólann, fjölgaði þeim svo á öðru skólaári upp í 104 nemendur og á þriðja skólaári upp í 193 nemendur. Í september 2008 voru skráðir 247 nemendur við skólann. Skráður fjöldi nemenda fyrir skólaárið 2008 til 2009 er þó mun minni en reiknað var með í áætlunum fyrir komandi vetur en þar var gert ráð fyrir 331 nemenda³. Þó má benda á að Norðlingaskóli er ört vaxandi skóli þar sem nemendum fjölgaði um 160% frá fyrsta til annars skólárs, um 86% milli annars og þriðja skólaárs og um 28% milli þriðja og fjórða skólaárs. Reiknað var með fjölgun upp á 72% haustið 2008 sem ekki gekk eftir þetta skólaárið. Meta þarf áhrif og væntingar til þeirrar starfstilhögunar sem fylgir bókun fimm eftir að skólinn stækkaði. Með það markmið að leiðarljósi voru starfshættir skólans skoðaðir, kannað var hvernig kennarar og stjórnendur skólans upplifa starf sitt og hvaða augum foreldrar líta það starf sem fram fer í skólanum. Loks voru skoðaðar væntingar breiðs hóps starfsmanna Reykjavíkurborgar, sem hafa með málefni skóla að gera, Kennarasambandsins og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til tilraunaverkefnisins og Norðlingaskóla.

Við úttektina var notast við gögn úr þremur áttum. Í fyrsta lagi var gögnum safnað með einstaklingsviðtölum og rýnihópaviðtölum sem tekin voru við stjórnendur, kennara og foreldra barna í Norðlingaskóla sem áttu sæti í foreldrafélagi og foreldraráði skólans. Þá var rætt við fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, formann Félags grunnskólakennara innan Kennarasambandsins, valda einstaklinga innan Menntasviðs og starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar. Auk þess var reynt að ná viðtölum við stjórnmalaflokksskipaða formenn Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Viðtal var tekið við

³ Rekja má fækkun nemenda til efnahagsástands á Íslandi. Norðlingaholt er nýtt hverfi sem er að byggjast upp, en dregið hefur úr í byggingaframkvæmdum m.a. vegna takmarkaðs aðgangs að lánsfé og erfiðleika við að selja fasteignir.

fyrir formann Menntasviðs en ekki náðist í núverandi formann⁴. Í öðru lagi voru tímaskýrslur kennara um skiptingu vinnutíma skoðaðar og í þriðja lagi var notast við niðurstöður tveggja kannana, annars vegar vinnustaðargreiningu sem Capacent Gallup framkvæmdi fyrir grunnskóla Reykjavíkur vorið 2007 og hins vegar könnun á viðhorfi foreldra til skólastarfs í Norðlingaskóla sem framkvæmd var af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs Reykjavíkurborgar, sumarið 2008.

⁴ Á þessu kjörtímabili hafa þrír sinnt þessu starfi og frá starfsupphafi skólans fjórir einstaklingar. Á matstíma verkefnisins fóru fram einar slíkar mannabreytingar í kjölfar myndun nýs meirihluta í borgarstjórn.

2. Gagnasöfnun

Skoðaðir voru gildandi kjarasamningar grunnskóla frá 1. júní 2008 og þeir bornir saman við kjarasamning grunnskóla frá 2005, í samræmi við gildandi samninga Menntasviðs og kennara/skólastjórnenda í Norðlingaskóla. Með því að skoða þessi þætti er hægt að átta sig á þeim grunni sem skólinn starfar á og að hvað marki hann er frábrugðinn því sem finnst í öðrum skólum.

Vinnutími kennara við Norðlingaskóla var kannaður með því að skoða tímaskýrslur þeirra. Átta kennarar í fullu starfi voru valdir af handahófi og tímaskýrslur sem þeir gerðu veturinn 2007 til 2008 voru skoðaðar. Nokkuð misjafnt var eftir kennurum hve margar vikur var um að ræða. Gögn þessi voru fengin hjá skólastjóra Norðlingaskóla.

Starfsánægja, vinnuálag og samvinna kennara við Norðlingaskóla var metin með því að styðjast við niðurstöður vinnustaðargreiningar sem Capacent Gallup vann fyrir Menntasvið Reykjavíkur, vorið 2007. Í greiningunni er bæði að finna niðurstöður vinnustaðargreiningar sem gerð var meðal kennara Norðlingaskóla og niðurstöður heildarmats á starfsemi grunnskóla Reykjavíkur. Niðurstöður fyrir Norðlingaskóla voru bornar saman við niðurstöður grunnskólanna sem heild og þannig skoðað á hvaða sviðum Norðlingaskóli stóð sig betur og hvar skólinn stóð sig verr en aðrir grunnskólar Reykjavíkurborgar. Á sama hátt var rýnt í könnun sem framkvæmd var af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs Reykjavíkurborgar, sumarið 2008, meðal foreldra grunnskólabarna í Reykjavík. Könnunin gefur mynd af ánægju foreldra með Norðlingaskóla og eru svör þeirra borin saman við svör foreldra sem eiga börn í öðrum grunnskólum Reykjavíkur.

Viðamesti þáttur úttektarinnar var viðtöl við einstaklinga og hópa sem á einhvern hátt tengjast Norðlingaskóla og bókun fimm. Viðtal var tekið við skólastjóra og deildarstjóra Norðlingaskóla 4. júní 2008 og sama dag fóru fram tvö rýnihópaviðtöl við kennara skólans. Annað viðtalanna var við fjórtán kennara sem hófu kennslu haustið 2006 eða síðar og hitt við sex kennara sem höfðu starfað við skólann frá fyrsta starfsári hans. Á sama tíma var skólinn og starf hans skoðað. Þó ber að taka fram að kennslu var lokið á þeim tíma sem gagnasöfnun vegna úttektarinnar hófst. Þann 10. júní fór fram rýnihópaviðtal við sjö mæður sem tilheyra Foreldrafélagi og Foreldraráði Norðlingaskóla.

Á tímabilinu frá júní fram í september voru svo tekin viðtöl við fyrrum formann Menntasviðs, formann félags grunnskólakennara innan Kennarasambandsins, valda einstaklinga innan Sambands íslenskra sveitarfélaga, starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar og valda einstaklinga innan Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Reynt var að fá viðtal við núverandi formann Menntasviðs auk sviðsstjóra sem ekki gekk eftir. Formlegri gagnsöfnun lauk því þann 17. september, 2008.

Viðtölin voru frá því að vera um 30 mínútur upp í 90 mínútur að lengd. Flest þeirra voru um 60 mínútur. Viðtölin voru tekin upp og meginatriði þeirra skráð til greiningar. Viðmælendum var heitið trúnaði og verða viðtölin hvergi birt, né vitnað orðrétt í tiltekna viðmælendum nema að slíkt hafi verið borið undir viðkomandi. Niðurstöður viðtalanna verða þess vegna birt sem sjónarmið hóps (stjórnendur skólans, kennarar o.s.frv.). Einstaklingsviðtölin og rýnihópaviðtölin tóku Kristín E. Harðardóttir og Ásdís A. Arnalds, verkefnastjórar hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Umfjöllun í þessari skýrslu er skipt upp í sjö hluta. Í upphafi var stuttur inngangur að skýrslunni og í kjölfar hans kom kafli um hvernig gagna var safnað til verkefnisins. Í þriðja hluta skýrslunnar verður fjallað stuttlega um starfshætti Norðlingaskóla og samninga þá sem undirritaðir voru af stjórnendum og kennurum skólans við Menntasvið Reykjavíkur. Í fjórða lagi verður fjallað um vinnutíma kennara og stundaskrár þeirra ræddar. Í fimmta lagi verður fjallað um vinnustaðargreiningu sem gerð var fyrir Menntasvið af Capacent Gallup. Í sjötta lagi verður fjallað um meginatriði sem komu fram í rýnihópum og viðtölum við þá sem töldu sig málið varða, auk þess sem viðhorf foreldra í Foreldrafélagi og Foreldraráði eru borin saman við niðurstöður úr foreldrakönnun Tölfræði- og rannsóknþjónustu Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Að lokum verður fjallað um þann lærdóm sem fengist hefur af mati þessu.

3. Um starfshætti í Norðlingaskóla

Norðlingaskóli hóf göngu sína í ágúst 2005. Skólinn er staðsettur í Norðlingaholti, mitt á milli Elliðavatns og Rauðavatns. Á fyrsta starfsári skólans voru 24 til 40 nemendur við skólann í 1. til 6. bekk. Á næsta starfsári skólans fjölgaði nemendum upp í 104 og voru þá nemendur í 1. til 8. bekk. Á þriðja starfsári var fjöldi nemenda kominn upp í 193 sem sóttu kennslu í 1. til 9. bekk. Haustið 2008 hófst kennsla í 10. bekk og var nemendafjöldinn þá kominn upp í 247. Gert er ráð fyrir því að Norðlingaskóli verði heildstæður grunnskóli fyrir 300 til 400 nemendur í 1. til 10. bekk sem fyrst. Samfara fjölgun nemenda hefur fastráðnum kennurum við skólann fjölgað umtalsvert. Veturinn 2007 til 2008 voru þrjátíu og sex starfsmenn við skólann, tuttugu og fjórar konur og tólf karlar, þó ekki allir í 100% starfi. Vorið 2008 voru starfsmenn skólans orðnir fjórtíu og fjórir, þrjátíu og tvær konur og tólf karlar, í mismunandi starfshlutfalli. Af þeim sem vinna við skólann eru tuttugu og fimm með próf eða réttindi frá Menntasvísindasviði Háskóla Íslands (áður KHÍ) eða öðrum háskóla, þrír hafa listgreinasérsvið⁵ og sex eru að ljúka framhaldsnámi. Auk þess starfa við skólann fimm stuðningsfulltrúar, einn skólaliði, einn matsveinn, einn í ræstingum, einn umsjónarmaður og einn skrifstofustjóri⁶. Á úttektartíma veturinn 2007 til 2008 var tuttugu og einn kennari sem féll undir bókun fimm, en þegar þessi skýrsla er skrifuð starfa þrjátíu og tveir starfsmenn við skólann sem falla undir umrædda bókun.

Frá upphafi hefur Sif Vígbórsdóttir verið skólastjóri við skólann og hefur það komið í hennar hlut að ráða kennara til starfa sem hafa áhuga og vilja til að taka þátt í tilraun samkvæmt þeim skilmálum sem koma fram í bókun fimm og ganga frá skriflegu samkomulagi um starfskjör milli kennara, stjórnenda skólans og sviðstjóra Menntasviðs fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Gengið hefur vel að fá kennara til starfa við skólann og þó nokkrir hafa sótt um þær stöður sem auglýstar hafa verið.

Við skólann er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám og samkennslu árganga, en á heimasíðu skólans stendur að slíkt fyrirkomulag stuðli meðal annars að: „aukinni félagsfærni nemenda og aðveldar að hver nemandi fari á sínum hraða á grunnskólagöngu sinni.“ Skólinn er einn af þeim skólum sem er skilgreindur sem

⁵ Þó ber að undirstrika að fleiri kennarar í skólanum eru með fjölbreytta listgreinamenntun en viðkomandi kennarar eru í flokki með þeim sem hafa próf eða réttindi.

⁶ Upplýsingar fengnar af heimasíðu skólans.

móðurskóli í uppbyggingu einstaklingsmiðaðs námsmats. Nemendur í samkennsluhópi eru á misjöfnum aldri og þroska og talið er eðlilegt að þeir vinni á misjöfnum hraða. Hver nemandi stefnir að því að ná þeim markmiðum sem hann hefur sett sér og er nám hans metið eftir því sem við á. Við skólann er einnig lögð áhersla á að starfsfólk vinni í teyllum og er það gert til þess að margbreytileikinn sem er að finna meðal starfsfólks nýtist nemendum sem allra best.

Frá upphafi hafa kennarar við Norðlingaskóla starfað undir bókunn fimm. Miðað hefur verið við að um væri að ræða tilraunaverkefni til eins árs í senn. Fjórði samningur milli þessa aðila hefur verið undirritaður, það er samið hefur verið við kennara um bókun fimm fyrir starfsár 2008 til 2009, í kjölfar framlengingar og breytingar á kjarasamningi milli Kennarasambandsins fyrir hönd Félags grunnskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga sem gildir frá 1. júní 2008 til 31. maí 2009. Samkvæmt nýjum kjarasamningi munu launakjör kennara hækka á samningstíma að meðaltali um 20%. Sem dæmi voru laun grunnskólakennara 1. mars 2008 í launaflokki 232 í launaprepi eitt 210.844 krónur. 1. júní 2008 hækkar viðkomandi upp í 235.844 krónur. Þegar skólaárið 2008 hófst hafði nýr kjarasamningur fyrir þetta starfsár grunnskóla gefið kennurum 19,6% launahækkun, því 1. ágúst 2008 var þrepum fækkað niður í þrjú og miðast nú röðun í launaprep við lífaldur (yngri en 35 ára, frá 35 ára og frá 40 ára). Auk þess hækkuðu öll laun um 9.000 krónur eða upp í 252.224 krónur fyrir grunnskólakennara (232-1). Í núgildandi samningi koma inn fleiri hækkanir: 1. október 2008 hækka öll laun um einn launaflokk, fara upp í 258.771 krónur (233-1) og 1. janúar 2009 hækkar launatalan um 2,5% og fer upp í 265.240 (233-1) sem gefur á samningstíma heildarhækkun um 25,8%.

Bókun fimm hefur gefið kennurum Norðlingaskóla það að vera greitt tíu launaflokkum yfir hefðbundna flokka. Þannig fékk grunnskólakennari sem átti samkvæmt samningi að vera í launaflokki 232 greitt samkvæmt því að vera í launaflokki 242. Grunnskólakennari í fyrsta þrepi fékk greitt 210.844 krónur í mánaðarlaun þann 1. mars 2008, en við Norðlingaholt var kennurum greitt 283.357 krónur, sem er tíu launaflokkum hærra, samkvæmt samkomulagi byggðu á bókun fimm. Flestir kennarar skólans eru skráðir sem umsjónarkennarar sem setur þá undir sama hatt. Skólastjóri ráðstafar launapotti þannig að jafnræði ríkir, en á móti taka kennarar á sig forfallakennslu og aðra þætti sem fallið hafa undir yfirvinnu án þess að sérstök greiðsla

komi fyrir það svo lengi sem það er á tímabilinu 8:00 til 17:00 á virkum dögum. Þrátt fyrir þá launaleiðréttingu sem fólst í nýjum kjarasamningi, gefur bókun fimm svigrúm til sammings og hefur verið samið við kennara um átta launaflokka á sömu forsendum og áður.

Í 13. grein Samnings um framlengingu og breytingar á kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskóla er fjallað um **breytingar og leiðbeiningar um framkvæmd greinar 2.1.2 og bókunar fimm**. Þar segir:

a) Vinnutíma breytt með samningi:

Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar. Einnig er heimilt að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili og um ákveðið frjálsrcæði um hvenær vinnuskylda er gegnt. Leita skal samþykkis sammingsaðila þegar heimilda þessara er neytt.

b) Bókun fimm um tilraunaverkefni

Samningsaðilar eru sammála um að skapa tækifæri á samningstímabilinu fyrir grunnskóla að taka upp í tilraunskyni til eins skólaárs í senn, hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum þ.e. á tímabilinu kl. 8:00 til 17:00 og innan þeirra tímamarka sé öll vinnuskylda kennara (kennsla, undirbúningstími, verkstjórnartími og tími vegna símenntunar)⁷.

Þó ber að undirstrika að samkvæmt grein 2.1.6.1 um **vikulega vinnuskyldu** er:

...vinnutími kennara í fullu starfi [...] 40 klst. á viku og jafnaði yfir árið. Vikuleg vinnuskylda hans er 42,86 á viku miðað við 37 vikna starfstíma skóla.

⁷ Skýringar við **bókun 5**: Markið **bókunar 5** er að gefa kennurum og skólastjórum, fyrir hönd viðkomandi sveitarfélags, tækifæri til að gera samkomulag um breytingar á vinnutímaákvæðum þannig að þau verði hliðstæð og hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum. Slíkt samkomulag á að miða að því að auka sveigjanleika í skólastarfi og auka samvinnu og teymisvinnu.

Nái kennarar og skólastjóri samkomulagi um breytingar á vinnutímafyrikomulagi, þannig að öll vinnuskylda kennara fari fram á tímabilinu kl. 8:00 til kl. 17:00, skal það tryggt að þau kjör sem kennarar fá fyrir breytt skipulag verði aldrei lakari en ella hafi verið við óbreytt vinnutímaskipulag. Samkomulag af þessu tagi á að gefa möguleika á hærri launum. Samkomulagið skal vera skriflegt, undirritað af skólastjóra og þeim kennurum sem það nær til og skal trúnaðarmaður KÍ í viðkomandi skóla vera hafður með í ráðum við gerð þess.

Samkomulag getur falið í sér að skólastjóra sé heimilt að breyta vinnutilhögum í samráði við kennara eftir því sem starf skólans kallar á hverju sinni. Ákvæði kjarasamnings FG og LN um kennsluskyldu skulu höfð í heiðri. Ekki er gert ráð fyrir að breytt vinnutímaskipulag hafi að öðru jöfnu í för með sér aukið álag á kennara eða minni sveigjanleika og að þeir geti sinnt allri vinnuskyldu sinni á dagvinnutíma.

Skólastjóri skal senda undirritað samkomulag til FG og LN til kynningar fyrir upphaf skólaárs. FG og LN skulu ávallt eiga aðgang að og geta fengið tæmandi upplýsingar um framkvæmd samkomulagins. Hafi kennari sem hefur undirritað samkomulagið athugasemdir við framkvæmd þess þannig að hann telji brotið á réttindum sínum með einhverjum hætti eða að hann fái lakari laun en ella hefði verið, getur hann vísað máli sínu til samstarfsnefndar FG og LN sem leiðir málið til lykta.

Undirbúningsdagar fyrir upphaf og lok starfstíma er samtals 8, sbr. [grein] 2.1.5.2.⁸ Að auki eru 150 klst. til endurmenntunar og undirbúnings, sbr. [grein] 2.1.6.4 sbr. bókun 9.⁹

Með bókun fimm fæst ákveðið frelsi fyrir skólastjórnendur og kennara að ráðstafa þeim tíma sem fer í hvern starfsþátt og getur hann verið breytilegur milli kennara og milli tímabila. Með þessu er verið að koma í veg fyrir að verið sé að telja mínútur og sekúndur eins og kjarasamningur gerir ráð fyrir – það er hvernig öllum tíma er skipt þannig að fyrirfram er ákveðið hversu mikill tími fer í kennslu, frímínútur, kaffitíma, verkstjórnarþætti, leiðsögn, undirbúning, o.s.frv. Kennarar við skólann sinna öllum þáttum starfsins, frá kennslu og afleysingum til frímínútna, innan ramma bókunar fimm. Gildistími samkomulags milli Norðlingaskóla og kennara er eitt ár í senn og núgildandi samningur gildir frá ágúst 2008 til ágúst 2009.

⁸ Grein 2.1.5.2. **Undirbúningsdagar:** Undirbúningsdagar kennara undir stjórn skólastjóra skulu vera samtals átta fyrir upphaf og eftir lok skóladaga nemenda. Undirbúningsdagar á starfstíma skóla eru fimm. Skólum er heimilt að fella þá inn í vikulegt vinnuskipulag að hluta eða öllu leyti. Lengist þá vikuleg vinnuskylda kennara sem því nemur.

⁹ Grein 2.1.6.4. **Endurmenntun kennara:** Endurmenntun kennara skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda endurmenntun. Kennari skilgreinir þarfir sínar fyrir endurmenntun og kynnir skólastjóra sem ákveður hvernig staðið er að þessum málum með þarfir nemenda, kennara og heildarmarkmið skólans í huga. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt endurmenntun í auknu mæli á starfstíma skóla. Endurmenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra.

4. Tímaskýrslur kennara

Í kjarasamningi Kennarasambands Íslands er kveðið á um að yfirmaður skuli ákveða vinnutíma undirmanna sinna en að honum beri að gera það með tilliti til ákvæða laga, ráðningarsamninga og kjarasamninga. Í gr. 2.1.6.1. er að finna ákvæði um vikulega vinnuskyldu kennara, þar sem tímanum er fast skipt upp í kennslu, frímínútur, kaffitíma, undirbúning og verkstjórn. Gert er ráð fyrir að kennarar í fullu starfi skili 42,86 stundum í hverri viku á 37 vikna starfstíma skólans, eða 40 klukkustundum að jafnaði yfir árið. Samkvæmt samningnum ber kennurum að verja 18 klukkustundum í kennslu, 2,8 stundum í frímínútur, 2,92 stundum í kaffitíma, 9,14 stundum í verkstjórnarþátt og 10 klukkustundum í undirbúning og úrvinnslu kennslu¹⁰. Þetta fyrirkomulag er mjög ólíkt því sem er að finna í kjarasamningum annarra starfsstétta.

Í bókun fimm er tekið fram að grunnskólar geti í tilraunarskyni tekið upp „...*hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum þ.e. á tímabilinu 8:00 til 17:00 og innan þeirra tímamarka sé öll vinnuskylda kennara (kennsla, undirbúningstími, verkstjórnartími og tími vegna símenntunar)*“. Þó er gerð sú krafa að ákvæði kjarasamnings Félags grunnskólakennara og Launanevndar sveitarfélaga skuli höfð í heiðri og að breyttur vinnutími hafi ekki í för með sér aukið álag á kennara.

Hverjum kennara við Norðlingaskóla er einungis skylt að skrá 6 til 8 vikur fyrir áramót og sama fjölda eftir áramót. Kennurum er frjálst að ákveða hvaða vikur verða fyrir valinu. Til þess að fá innsýn í skiptingu vinnutíma kennara við Norðlingaskóla voru tímaskýrslur átta kennara í fullu starfi skoðaðar skólaárið 2007 til 2008. Í tímaskýrslunum skrá kennararnir hve miklum tíma þeir verja í kennslu, frímínútur og kaffi, gæslu, undirbúning fyrir kennslu, stefnumörkun/verkstjórn og annað. Undir annað falla m.a. samskipti við foreldra, starfsmannafundir, fræðsla og samráð. Hafi kennari skráð veikindi eða leyfi voru tímar hans í þeirri viku ekki teknir með í útreikninga þar sem það hefði skekkt meðaltöl.

Tafla 1 sýnir hve miklum tíma er varið í helstu starfsþætti kennara við Norðlingaskóla. Í töflunni má sjá hve miklum tíma er varið í tiltekinn starfsþátt hjá þeim átta kennurum sem voru til athugunar.

¹⁰ Sjá viðauka.

Tafla 1. Skipting vinnutíma átta kennara í fullu starfi

	<i>Fæstir tímar</i>	<i>Flestir tímar</i>	<i>Meðaltal á tímabilinu</i>	<i>Staðalfrávik</i>
Kennsla	9,50	21,86	17,20	2,22
Frímínútur og kaffitími	1,67	5,00	4,95	0,34
Gæsla	-	1,67	1,42	0,39
Undirbúningur kennslu	2,60	18,69	11,03	3,37
Stefnumörkun / verkstjórn	-	12,00	3,34	2,83
Annað	-	13,03	4,96	3,18
Alls			42,91	

Tímaskýrslurnar sýna að í meginráttum starfa kennarar við Norðlingaskóla samkvæmt hefðbundinni skiptingu á vinnutíma kennara. Kennararnir sem voru til skoðunar vörðu þó að meðaltali minni tíma í verkstjórnarþátt en gert er ráð fyrir í kjarasamningum en þess í stað var nokkrum hluta tímans varið í annað, eins og samskipti við foreldra og samráð.

Algengast var að kennararnir verðu 17,5 klukkustundum í kennslu á viku og var meðalfjöldi klukkustunda 17,2 (sem gera í kringum 29 kennslustundir¹¹). Staðalfrávikid sýnir að það var nokkur dreifing í kringum meðaltalið. Dreifingin var bæði milli kennara en einnig gat sami kennarinn átt marga kennslutíma í einni viku en fáa í annarri. Skipulag kennslunnar virðist því einkennast af töluverðum sveigjanleika, þar sem möguleiki er á að kenna mikið á ákveðnu tímabili, en draga svo úr kennslu síðar.

Þegar síðast var framkvæmt mat á tilraun Norðlingaskóla vörðu kennarar í fullu starfi að meðaltali 14,3 klukkustundum á viku í kennslu. Þá voru einungis mjög fáir nemendur í skólanum auk þess sem fyrsta starfsár skólans kallaði á mikla þróunarvinnu. Meðalfjöldi kennslustunda hefur því aukist nokkuð á síðustu tveimur árum samfara fjölgun nemenda.

¹¹ Miðað við 35 mín. kennslutíma.

5. Niðurstöður vinnustaðargreiningar

Capacent Gallup framkvæmdi árið 2007 vinnustaðargreiningu fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar í öllum grunnskólum borgarinnar. Vinnustaðargreining er tæki til að leggja mat á starfsumhverfi, starfsmannamál og stjórnun. Greiningin byggir á svörum starfsfólks við á sjöunda tug spurninga um starfsánægju, samhæfingu starfs og einkalífs, vinnuálag og streitu, starfsanda og samvinnu svo eitthvað sé nefnt. Í greiningu Capacent Gallup eru niðurstöður úr mati grunnskólanna birtar sem ein heild en einnig eru birtar niðurstöður fyrir hvern og einn skóla. Þannig má bera niðurstöður einstakra grunnskóla saman við heildarmat á starfsemi grunnskóla Reykjavíkur.

Almennt séð kom Norðlingaskóli mjög vel út úr vinnustaðargreiningunni samanborið við aðra grunnskóla Reykjavíkur. Skólinn hlaut hærri einkunn en grunnskólarnir í heild á öllum spurningum greiningarinnar að tveimur undanskildum, þ.e. spurningum um einelti og þreytu. Hlutfallslega fleiri starfsmenn í Norðlingaskóla en í grunnskólunum í heild höfðu orðið fyrir einelti af hendi samstarfsfólks og starfsfólk Norðlingaskóla fann einnig oftast en starfsfólk annarra grunnskóla í Reykjavík fyrir þreytu þegar það stendur andspænis nýjum vinnudegi. Þess ber þó að geta að um fáa svarendur er að ræða. Átján starfsmenn Norðlingaskóla tóku þátt í vinnustaðargreiningunni og þegar svör eins þátttakanda víkja mikið frá svörum annarra hefur það mikil áhrif á meðaltöl og hlutföll.

Mestu munaði á Norðlingaskóla og grunnskólunum í heild á spurningum um hrós og endurgjöf frá yfirmanni, spurningum um liðsheild og samvinnu og á spurningu um kennslufyrirkomulag, þ.e. hve vel eða illa fólki fannst ganga að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda. Á þessum spurningum hlaut Norðlingaskóli hæsta gildi grunnskólanna í Reykjavík sem táknar að mestan styrkleika, hvað þessi atriði varðar, var að finna í Norðlingaskóla.

Í ljósi þess að viðvera starfsfólks Norðlingaskóla er lengri en gengur og gerist meðal starfsmanna grunnskóla var áhugavert að skoða niðurstöður mælinga á vinnuálagi og streitu, sveigjanleika í starfi og samhæfingu starfs og einkalífs. Vinnuálag og streita var mikil meðal starfsmanna Norðlingaskóla og samkvæmt greiningu Capacent Gallup þarfnast þessi atriði aðgerða. Norðlingaskóli kom þó ekki verr út á þessum mælingum en aðrir grunnskólar Reykjavíkur. Vinnuálag var að meðaltali minna í Norðlingaskóla

en í grunnskólunum í heild auk þess sem starfsmönnum Norðlingaskóla fannst þeir sjaldnar en aðrir vera útbrunnir og stressaðir í lok vinnudags. Allir grunnskólar Reykjavíkur komu illa út á mælingum um sveigjanleika en starfsmenn Norðlingaskóla fundu þó fyrir meiri sveigjanleika með vinnutíma sinn en starfsfólk hinna grunnskólanna. Þá var útkoma Norðlingaskóla á mælingu á jafnvægi milli vinnu og einkalífs ásættanleg, en Norðlingaskóli kom mun betur út á þeirri mælingu en grunnskólarnir í heild. Ef til vill liggur skýringin í því að kennarar við Norðlingaskóla þurfa síður að taka með sér vinnu heim, þar sem ætlast er til að þeir ljúki sinni vinnu í skólanum. Þannig getur skapast meira næði til að sinna fjölskyldunni þegar heim er komið.

Í samkomulagi sem byggt er á bókun fimm voru gerðar breytingar á kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaganna. Röðun í launaprep miðast við lífaldur en að öðru leyti eru nær allir kennarar við Norðlingaskóla undir sama hatti. Í þessu ljósi var athyglisvert að skoða viðhorf kennara til launa sinna. Í vinnustaðargreiningunni var að finna eina spurningu sem snerti launakjör. Þetta var spurning um hvort starfsmönnum fyndist laun sín vera sanngjörn miðað við ábyrgð í starfi. Svör við þeirri spurningu benda til að almennt séu starfsmenn grunnskóla Reykjavíkurborgar óánægðir með laun sín. Þó starfsmenn Norðlingaskóla teldu sig ekki fá sanngjörn laun, voru þeir mun ánægðari með laun sín en starfsmenn grunnskólanna almennt.

Starfsmenn Norðlingaskóla höfðu að meðaltali jákvæðari afstöðu gagnvart starfi og vinnuveitenda en grunnskólarnir í heild og voru ánægðir með markmið og stefnu skólans í skólmálum. Þeir voru einnig ánægðari í starfi, stoltari af starfi sínu og töldu sig síður líklega til að skipta um vinnustað á næstu tólf mánuðum en aðrir starfsmenn grunnskólanna. Starfsmenn sýna frumkvæði og bjóðast oft til að vinna verk sem ekki eru í þeirra verkahring. Loks fannst starfsmönnum þeir leggja mikið á sig til að koma til móts við nemendur og foreldra þeirra og má geta þess að skólinn kom hæstur út á mælingum á gæðum samskipta við foreldra.

6. Niðurstöður viðtala

Hér verða dregin saman helstu atriði viðtala við kennara og stjórnendur við Norðlingaskóla. Í kafla 6.2. er greint frá sjónarhóli foreldra barna í Norðlingaskóla og í kafla 6.3. er fjallað um helstu atriðin sem fram komu við greiningu á viðtölum við aðra aðila sem með beinum eða óbeinum hætti tengjast Norðlingaskóla og bókun fimm.

6.1 Sýn kennara og stjórnenda Norðlingaskóla

Deilan við Kennarasambandið

Í fyrri skýrslu um mat á tilraun í Norðlingaskóla kom fram að mikillar togstreitu hafði gætt milli starfsmanna Norðlingaskóla og fulltrúa Kennarasambandsins¹². Í viðtölum við stjórnendur skólans sem tekin voru vorið 2008 kom fram að þessar öldur hafði að miklu leyti lægt. Skólinn fékk framlengingu á bókun fimm án þess að samningurinn væri borinn undir samstarfsnefnd. Það var því nokkurs konar þegjandi samkomulag milli skólans og Kennarasambandsins um að skólinn héldi tilrauninni áfram. Það er til marks um hið þegjandi samkomulag að í samningi um framlengingu og breytingu á kjarasamningi með gildistíma frá 1. júní 2008 til 31. maí, 2009, þarf ekki að bera bókun fimm undir samstarfsnefnd.

Þó Kennarasambandið hafi ekki setti sig upp á móti því að tilraunin við Norðlingaskóla yrði framlengd, var kennarahópurinn ekki búinn að gleyma því að í upphafi studdi Félag grunnskólakennara ekki það samkomulag sem skólinn gerði við Reykjavíkurborg. Einhverjir kennarar nefndu að þeim fyndist Kennarasambandið hafa brugðist sér og aðrir sögðust upplifa fordóma og skilningsleysi af hálfu sambandsins. Kennararnir óskuðu eftir því að aðilar innan sambandsins legðu sig betur fram við að kynna sér það starf sem fram færi innan veggja Norðlingaskóla.

Vinnuálag

Í viðtölum við kennara kom fram að þeir höfðu einnig orðið varir við neikvæðni í garð bókunar fimm úr annarri átt. Hluti kennaranna hafði þurft að réttlæta það kerfi sem þeir starfa undir fyrir starfsbræðrum sínum og –systurum sem kenna við aðra skóla. Þegar kennarar skólans ræddu fyrirkomulagið við aðra kennara snérist umræðan oft

¹² Sjá Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson (2006). *Mat á tilraun í Norðlingaskóla: Með breytt vinnutímaskipulag kennara byggt á bókun fimm í kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands*. Unnið fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

en ekki um vinnuálag: „*Að þetta séu þrælabúðir og að við séum skikkuð í forföll,*“ enda er skólastjóra, með bókun fimm, heimilt að dreifa álagi vegna forfallakennslu á kennara skólans án þess að greiða þeim sérstaklega fyrir það. Að mati kennaranna var allt tal um álag vegna forfallakennslu ekki á rökum reist og töldu þeir hugmyndir sem þessar hafa orðið til vegna þess að fólk hefði ekki kynnt sér starfsemi skólans nægilega vel. Þó vissulega væri kerfið þeim göllum háð að væri mikið um forföll skilaði það sér ekki í launaumslagið, þá sögðu viðmælendur álag vegna forfallakennslu almennt vera mjög lítið. Kennararnir sögðu það vera hlutverk skólastjórnenda að gæta þess að forfallakennslan dreifðist jafnt á kennara skólans og að mikilvægi slíks eftirlits ykist eftir því sem skólinn stækkaði. Skólastjórnendur voru sama sinnis og sögðu alla tíð hafa verið hugsað fyrir því að hafa ákveðið þak á forfallakennslu. Kennararnir sögðu almennt vera lítið um forföll við skólann og nefndu þeir starfsánægjuna sem ríkir í skólanum sem hugsanlega ástæðu fyrir því. Þegar kenna þarf í forföllum, er það aðallega til að leysa kennara af sem starfa innan sama teymis. Það kom því, að sögn kennaranna, sárasjaldan fyrir að þeir væru að kenna ókunnugum nemendum vegna forfalla. Einn kennaranna komst svo að orði: „*Ég lenti miklu oftari í því á mínum fyrri vinnustað að hlaupa í forfallakennslu með nemendum sem ég þekkti ekki.*“ Kennararnir sögðust vissulega finna fyrir álagi í starfi, en að þeirra mati hafði álagið lítið með bókun fimm að gera. Ört vaxandi skóla fylgir óhjákvæmilega stór hópur nýrra kennara. Að mati kennaranna var álagið sem þeir fundu fyrir fylgífiskur þess að hefja störf á nýjum vinnustað og að slíkt ástand myndi ekki vara lengi.

Viðverutími og sveigjanleiki

Viðverutími kennara hefur tekið nokkrum breytingum frá því mat á tilrauninni var síðast framkvæmt. Áður unnu allir kennarar frá kl. 8:00 til 17:00 alla virka daga, en nú vinna þeir tvo daga í viku til kl. 17:00 og aðra virka daga til kl. 16:00. Þeim þremur tímum sem uppá vantar geta kennararnir ráðstafað sjálfir. Þessar breytingar voru gerðar til þess að gefa kennurum með ung börn kost á því að starfa við skólann. Sveigjanleikinn er því meiri en áður. Í viðtölum við skólastjórnendur og kennara kom hins vegar fram að fæstir kennarar kusu að nýta sér þennan aukna sveigjanleika með því að taka vinnu með sér heim. Í þeirra huga felst hugtakið sveigjanleiki í því að þurfa ekki að sinna vinnuskyldum þegar heim er komið. Þannig verða skilin milli vinnu og einkalífs skýrari. Að mati kennaranna var eðlilegt að þeir ynnu vinnuna sína á vinnustaðnum og skildu hana eftir þar.

Inn í vinnutíma kennara við Norðlingaskóla fellur öll kennsla og undirbúningur kennara. Að sögn stjórnenda skólans er lagt upp með að kennarar verji að meðaltali 26 tímum á viku í kennslu og undirbúning kennslu. Stundum koma hins vegar fram óskir frá kennurum um að kenna meira á tilteknu tímabili. Slíkar óskir koma iðulega fram þegar kennarar eru að vinna náíð með tiltekna nemendur. Kennarar geta þannig valið að helga ákveðnum börnum tiltekið tímabil og kenna síðan minna á næsta tímabili í staðinn. Kosturinn við þetta fyrirkomulag felst þannig í möguleikanum á að vera með stuðningstíma fyrir ákveðna nemendur. Teymið sér sjálft um að raða niður tímunum, enda er það mat skólastjórnenda að farsælast sé að kennararnir, sem best þekkja börnin, raði tímum sínum niður sjálfir. Auk þess að gefa kost á auknum sveigjanleika til að sinna ákveðnum nemendum, býður vinnutímafyrirkomulagið upp á aukna samvinnu og teymisvinnu. Að mati kennara skiptir það höfuðmáli fyrir teymisvinnu að allir kennarar séu á staðnum á sama tíma. Kennslu lýkur yfirleitt um kl. 14:00 og þegar henni lýkur starfa kennararnir saman í teymunum. Nokkrir kennaranna höfðu reynslu af teymisvinnu í öðrum skólum, en sögðu hana þunga í vöfum þar sem fólk var að yfirgefa vinnustaðinn á mismunandi tímum. Kennararnir voru einnig sammála um að bókun fimm auðveldaði sérverkefni eins og þemadaga. Að þeirra mati væru slík verkefni afar erfið í framkvæmd ef halda ætti nákvæma skráningu yfir það í hvað mínúturnar fara.

Þó kennarar séu bundnir af fyrrgreindum vinnutíma, þá var það samdóma álit þeirra að skólastjórnendur og samkennarar sýndu því skilning ef þeir þyrftu að yfirgefa vinnustaðinn vegna sérstakra aðstæðna. „*Það er ekkert vandamál t.d. að fara til læknis.*“ Þá má nefna að nokkur hluti starfsmanna skólans leggur stund á framhaldsnám og sögðust skólastjórnendur hvetja starfsmenn sína til þess að sækja sér menntunar. Sveigjanleikinn í vinnutíma kom fram í því að kennararnir geta sjálfir haft áhrif á vinnutíma sinn. Enn fremur er að mati kennaranna vel hugsað fyrir því að þeir hafi svigrúm til endurmenntunar og námskeiðum er markvisst haldið að þeim.

Kjör kennara

Stjórnendur Norðlingaskóla hafa lagt ríka áherslu á að bæta kjör kennara. Á síðasta skólaári voru kennarar skólans með laun sem setti þá tíu launafokka ofar en kennara í öðrum skólum. Ekki er þó um flöt laun að ræða heldur fá allir kennarar sömu launaflokka hækkun, en halda öllum öðrum sérlaunaflokkum sem þeir hafa áunnið sér.

Svo virðist sem um þetta ríki sátt þar sem launaskrið kennara er það sama. Kennarar fá hins vegar ekki greitt ofan á laun sín fyrir forföll og annað. Við skólann er enginn aðstoðarskólastjóri heldur er deildarstjóri, með slíku fyrirkomulagi er verið að minnka stjórnunarkvóta Norðlingaskóla miðað við aðra skóla, en slíkt er hægt að hluta til vegna teymisvinnu kennara.

Þegar skólinn hóf göngu sína, var nýtt kjarasamningstímabil að hefjast. Skólastjórnendur höfðu reiknað út að hægt væri að greiða kennurum þessi laun út samningstímabilið, þrátt fyrir að skólinn stækkaði ört. Nú hafa kjarasamningar verið framlengdir með smávægilegum breytingum sem hafa gefið kennurum ákveðna launaleiðréttingu með því að hækka laun allra kennara í landinu yfir 20% á samningstíma. Þegar viðtöl voru tekin við stjórnendur og kennara Norðlingaskóla var ekki ljóst hver áhrifin af nýjum samningum yrðu á kjör kennara skólans. Samkvæmt stjórnendum var ætlunin að halda einhverju bili milli kennara við Norðlingaskóla og annarra kennara, bili sem er svipað í krónutölu og verið hefur. Síðan viðtölin fóru fram hefur verið samið við kennara Norðlingaskóla um sama vinnuskipulag og hefur verið ríkjandi undanfarin ár. Allir kennarar sem falla undir bókun fimm eru annaðhvort umsjónarkennarar eða listgreinakennari/þróttakennari sem raðast í þrep eftir aldri en raðast í svipaða launaflokka. Ofan á þá fá þeir svo átta launaflokka. Kennarar voru spurðir um kjör sín og hvaða kjarabreytingar þeir byggjust við að nýir kjarasamningar hefðu í för með sér. Þó sumir kennaranna segðu launin ekki vera nógu há, töldu þeir sig vera á betri kjörum en margir grunnskólakennarar. Nokkrir höfðu kennt við aðra skóla og höfðu því samanburð. Þessir kennarar töldu sig vera að skila svipuðum fjölda vinnustunda og þeir höfðu áður gert, en hækkuðu töluvert í launum við það að skipta um starfsstað. *„Ég er mjög sátt. Ég vann hvort sem er til kl. fimm en fæ hærri laun núna.“* Þó töluðu einhverjir af viðmælendum okkar úr kennarastétt um að þeir teldu að kennarar með langa starfsreynslu og þá sem kenna verkleg fög síst græða á því að hefja störf við Norðlingaskóla. Einn kennaranna komst svo að orði þegar þetta mál bar á góma: *„Hér er verið að dreifa yfirvinnutíma jafnt á alla en í öðrum skólum er barist um yfirvinnuna. Gamlir kennarar sitja kannski að yfirvinnunni og hleypa yngri kennurum ekki að.“* Kennararnir voru ekki búnir að mynda sér almennilega skoðun á nýjum kjarasamningum þar sem ekki var búið að taka endanlega ákvörðun um hvernig kjörum þeirra yrði háttað í kjölfar samninganna. Að þeirra sögn treystu þeir skólastjórnendum til að berjast fyrir launum sínum, en myndu þeir lækka í launum

töldu þeir miklar líkur á því að þeir hættu að kenna. Fram kom í viðtölum við kennara að þeir beri mikla virðingu og traust til skólastjóra skólans og að Sif Vígþórsdóttir muni sjá um sitt fólk.

Innra starf skólans

Samkvæmt stjórnendum Norðlingaskóla hafa utanaðkomandi aðilar sýnt starfsemi skólans mikinn áhuga. Það væri þó ósanngjarnt að halda því fram að áhuginn beindist einungis að bókun fimm. Mikill áhugi er einnig á innra starfi skólans. Þetta kom einnig fram í máli kennaranna þegar þeir voru spurðir að því hvort þeir hafi vitað af bókun fimm þegar þeir ákváðu að sækja um starf við skólann. Flestir vissu af bókun fimm og sögðu launin vissulega hafa haft sitt að segja um að þeir ákváðu að sækja um starf við skólann. En tilhugsunin um að hefja störf við nýjan skóla, sem þeir gætu sjálfir átt þátt í að móta, vakti ekki síður áhuga.

Norðlingaskóli hefur vaxið ört frá því að síðast var framkvæmt mat á tilrauninni við skólann. Því samfara hafa teymin stækkað. Hvert teymi samanstendur nú af fleiri starfsmönnum en áður. Samkvæmt stjórnendum skólans var lagt upp með það í upphafi að teymin gætu stækkað: „*Allt sem við stofnuðum til og allt sem við gerðum var gert með það fyrir augum að við yrðum 500 barna skóli.*“ Kennararnir voru sömuleiðis spurðir að því hvernig þeir sæu bókun fimm og teymisvinnuna ganga í stærri einingu. Þeir voru sammála því að fyrirkomulagið sem nú er við líði gæti vel gengið í stærri skóla. Teymin myndu þróast út í það að verða sterkari eining og þannig yrði verkaskipting skýrari. Kennarar innan sama teymis sæu síðan um að leysa hvert annað af í forföllum.

Svo virðist sem þeir kennarar sem valist hafa til starfa við Norðlingaskóla finnist bókun fimm og það innra starf sem unnið er í skólanum henta sér. Þeir kennarar sem ekki hafa fundið sig í umræddu kerfi hafa fært sig um set og kenna ýmist við aðra skóla eða gegna öðrum störfum. Ljóst er að til að leiða starf eins og fyrirfinnst í Norðlingaskóla, þ.e. bókun fimm, samkenndu og teymisvinnu, þarf sterkan stjórnanda sem vinnur náið með sínum undirmönnum og leggur hart að sér að láta kerfið virka fyrir alla aðila. Segja má því að skólastjórnendur vinni óeigingjarnt starf til að láta framþróunarsýn sína ganga upp.

6.2. Upplifun foreldra af starfsemi Norðlingaskóla

Notast var við gögn úr tveimur áttum til að kanna upplifun foreldra barna í Norðlingaskóla af því starfi sem fram fer í skólanum. Annars vegar var tekið rýnihópaviðtal við foreldra í Foreldraráði og Foreldrafélagi skólans og hins vegar var rýnt í könnun á viðhorfi foreldra til skólustarfsins sem framkvæmd var vorið 2008 af Tölfræði- og rannsóknþjónustu Menntasviðs Reykjavíkur. Könnunin sýndi að yfir 90% foreldra voru ánægðir með Norðlingaskóla. Þegar svör foreldranna voru borin saman við heildarmælingu á ánægju foreldra í öðrum grunnskólum Reykjavíkur kom í ljós að ánægja með skóla barnsins var að meðaltali meiri í Norðlingaskóla en í öðrum skólum. Þessi mikla ánægja með skólann kom einnig vel í ljós í hópviðtali sem tekið var við foreldra í Foreldraráði og Foreldrafélagi skólans. Fram kom í máli foreldranna að þeir væru sér í lagi ánægðir með aðgengi að kennurum, hvernig skólanum væri stjórnað og þann góða starfsanda sem ríkti í skólanum.

Upplifun foreldra á áhrifum hins sameiginlega vinnutíma kennara

Foreldrarnir sögðu kennara skólans alltaf vera til staðar bæði fyrir börnin og foreldrana og að mikil samskipti væru milli heimilanna og skólans. Nokkrir foreldranna höfðu átt börn í öðrum skólum og fannst aðgengi að kennurum í Norðlingaskóla vera mun meira en þeir höfðu kynnst annars staðar. Ein móðirin orðaði það svo: „Maður er kannski að sækja barnið í frístundaheimilið milli fjögur eða hálf fimm og maður röltir hérna í gegnum húsið og maður finnur alltaf aðilann sem maður þarf á að halda og maður getur alltaf tekið á málunum strax ef það er eitthvað.“ Foreldrarnir töldu sig enn fremur eiga samskipti við fleiri kennara í Norðlingaskóla en þeir gerðu þegar þeir áttu börn í öðrum skólum. Viðverutíminn sem kennarar í Norðlingaskóla hafa gengist við með undirritun samkomulags við skólastjórnendur um bókun fimm virðist því koma foreldrum að góðum notum. Foreldrar í foreldrafélagi og foreldraráði voru ekki einir um þá skoðun að aðgengi að kennurum væri gott því 95% foreldra í könnun Menntasviðs voru ánægðir með hvernig gekk að ná sambandi við umsjónarkennara ef á þyrfti að halda. Auk þess kom fram í hópviðtölunum ánægja foreldra með móttöku skólans á börnum þeirra þegar þau hófu skólagöngu. Við skólann hefur ríkt sú hefð að við upphaf hvers skólaárs skólans fer umsjónarkennarar í heimsóknir inn á heimili allra skráða barna í skólanum til að ræða við foreldra og barn. Slíkt höfðu foreldrar ekki upplifað áður en þeir fluttu í hverfið.

Hinn sameiginlegi viðverutími kennara og vinna þeirra í teymunum veldur því að kennarar eiga í miklum samskiptum sín á milli. Að sögn foreldranna, sem rætt var við, skiptu mikil og góð samskipti milli kennara miklu máli, sér í lagi þegar um er að ræða börn sem eiga við námsörðugleika að stríða. Ein móðirin átti lesblindan son sem hafði verið í öðrum skóla áður en hann hóf nám í Norðlingaskóla. Í fyrri skóla drengsins voru kennaraskipti ör og í hvert sinn sem drengurinn fékk nýjan kennara þurfti móðirin að byrja á því að segja kennaranum frá lesblindu sonarins. Í Norðlingaskóla upplifði hún að það væri meiri samfella í kringum barnið: „*Þessi teymi hérna virka þannig að nemandinn er í miðjunni og teymið er í kring, þannig að ef einhver dettur út úr teyminu þá vita allir hinir. [...]Það er rosalega mikils virði.*”

Sömuleiðis tengdu foreldrar hinn góða starfsanda, sem þeir urðu varir við, hinum sameiginlega viðverutíma kennara. Í viðtalinu kom fram að góður starfsandi væri vafalítið fylgifiskur þess að kennararnir vinna saman í hópum og verja löngum hluta úr deginum saman. Hið jákvæða starfsumhverfi smitar út frá sér bæði til nemenda og foreldra. Foreldrarnir höfðu einnig orðið þess varir hve vel börnin unnu saman, óháð aldri. Elstu nemendurnir tengjast hinum yngri þegar unnið er í smiðjunum og þannig upplifðu foreldrar skólann sem eina stóra fjölskyldu. Í þessu sambandi er vert að benda á að samkvæmt könnun Menntasviðs sögðust hlutfallslega færri foreldrar barna í Norðlingaskóla en í öðrum grunnskólum Reykjavíkur hafa vitneskju um eineltismál í skólanum. Alls sögðu 48% foreldra í Norðlingaholti að þeir myndu eftir eineltismáli í skólanum en hið sama átti við um 58% foreldra barna í öðrum skólum. Um 55% foreldra í Norðlingaholti fannst fljótt og vel tekið á eineltismálinu en rúmt 41% foreldra í öðrum hverfum var sama sinnis. Þar sem um er að ræða svör foreldra, er ekki hægt að fullyrða út frá þessum niðurstöðum að minna sé um einelti í Norðlingaskóla en í öðrum grunnskólum í Reykjavík. Hins vegar gefa þær ákveðnar vísbendingar um að svo kunnir að vera.

Viðhorf til stjórnenda

Samkvæmt könnun Menntasviðs töldu yfir 95% foreldra barna í Norðlingaskóla skólanum vera vel stjórnað. Stjórnun skólans bar einnig á góma í viðtalinu við foreldra í Foreldrafélagi og Foreldraráði. Þó foreldrar tengdu góðan starfsanda við sameiginlegan viðverutíma kennara, þá töldu þeir ekki síður skipta máli fyrir starfsandann hve skólanum var vel stjórnað. Ein móðirin orðaði þetta svo: „*Veistu það [...] eftir höfðinu dansa limirnir. Mórallinn stýrist bara af yfirmanninum, það er bara*

þannig.” Foreldrarnir töldu skólastjórann, Sif Vígbórsdóttur, mjög góðan í að fá fólk með sér í lið og að öðrum skólastjórnum, sem ekki hafa slíka leiðtogaþæfileika, gæti reynst erfiðara að innleiða tilraunaverkefni eins og bókun fimm. Þá þótti foreldrunum mjög mikils virði að Sif er þeim eiginleikum gædd að hún tekur strax á þeim vandamálum sem upp koma í skólanum. Persónulegir eiginleikar stjórnenda ásamt vinnutímaákvæðum hafa þannig að mati foreldra orðið til þess að skapa góðan skóla.

6.3. Sýn annarra er að málinu koma

Vinnutilhögun í Norðlingaskóla

Viðhorf aðila, sem tengjast Norðlingaskóla og bókun fimm með einum eða öðrum hætti, voru nokkuð ólík. Viðmælendur voru sammála um að bókun fimm væri áhugaverð tilraun og að í Norðlingaskóla væri unnið gott starf. Með því að færa undirbúningstíma kennara inn í bundna viðveru næðist meiri tími til samræmingar aðgerða og samstarfs kennara, sem gæti skilað betri árangri í skólastarfi. Hins vegar voru viðmælendur ósammála um hvort rétt væri að breyta vinnutilhögun með þeim hætti sem gert er í Norðlingaskóla. Í tveimur viðtalanna kom fram að með því að gefa kennurum kost á að jafna kennsluskylduna út yfir lengra tímabil væri verið að brjóta kjarasamninga. Skilningur viðmælenda á því hvernig beri að túlka bókun fimm var því misjafn. Bókun fimm gefur kennurum og skólastjórum tækifæri á að breyta vinnutímaákvæðum, en það er hins vegar spurning hvort túlka megi bókunina þannig að með breyttum vinnutímaákvæðum megi gera kennsluskylduna sveigjanlegri. Ástæða þess að í kjarasamningum er að finna ákvæði um kennsluskyldu er hugmyndin um að það beri að vernda kennarastéttina. Það getur því verið varhugavert að leggja kennsluskylduna niður. Einn viðmælenda komst svo að orði: „*Ef það vantar fólk og það er ekki kennsluskylda þá læturðu liðið bara kenna meira og meira og meira.*“ Enn fremur eru miklar sveiflur í vinnuálagi kennara taldar geta komið niður á gæðum kennslunnar. Því meiri tími sem kennarar fá til að undirbúa kennsluna, því meiri verða gæði hennar. Þess vegna telur Kennarasambandið mikilvægt að kennslan sé jöfn yfir árið. Að sögn viðmælenda sem starfa hjá Reykjavíkurborg er markmiðið með breyttum vinnutímaákvæðum hins vegar ekki að ná fram meiri vinnu af hálfu kennaranna en gert er ráð fyrir í kjarasamningum, heldur gefa þeim möguleika á að breyta vinnutíma sínum til þess að auka samstarf milli kennara og gefa skólanum þann sveigjanleika sem nútímaskólar þurfa á að halda. Því markmiði hefur verið náð, að þeirra mati. Enn

fremur bentu viðmælendur á að kennarar við Norðlingaskóla hefðu sýnt fram á það með vinnuskýrslum sínum að þeir verji álfka miklum tíma til undirbúnings og gert er ráð fyrir í kjarasamningunum.

Deilan sem átti sér stað milli Reykjavíkurborgar og Kennarasambandsins á fyrsta starfsári Norðlingaskóla gekk að miklu leyti út á ofangreind atriði. Kennarasambandið hefur haft efasemdir um vinnutíma kennara en finnst skólinn eftir sem áður vera að gera marga góða hluti. Í viðtölunum var nokkuð rætt um þessa deilu, sem að sögn viðmælenda var mjög óheppileg og tafði fyrir eðlilegri tilraunastarfsemi. Fullur vilji er nú af hálfu Kennarasambandsins og Reykjavíkurborgar til að leggja deilumálin til hliðar. Til þess að draga úr tortryggni milli þessara aðila er bókun fimm útskýrð á nákvæmari hátt í samningi um framlengingu og breytingu á kjarasamningi en gert er í kjarasamningi fyrir grunnskóla með gildistíma frá 1. ágúst 2005 til og með 31. desember 2007. Ekki þarf lengur að bera samkomulag um bókun fimm undir samstarfsnefnd og þannig treysta bæði Reykjavíkurborg og Kennarasambandið skólastjóra og kennurum til að gera samkomulag um tilraunina til eins árs í senn. Telji kennari, sem hefur undirritað samkomulagið, sig hins vegar bera skertan hlut frá borði, á sá hinn sami þess kost að skjóta máli sínu til samstarfsnefndar.

Launamál kennara

Í viðtölunum báru launamál kennara í Norðlingaskóla töluvert á góma. Viðmælendum þótti jákvætt að hægt væri að hagræða vinnufyrirkomulagi kennara þannig að þeir fái hærri laun, en þær leiðir sem Sif Vígþórsdóttir, skólastjóri, notaði til að hækka laun kennara voru nokkuð á huldu. Einhverjum var það ráðgáta hvernig slíkt væri hægt án auka fjárveitingar til skólans. Fjármálastjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar staðhæfði hins vegar að Norðlingaskóli fengi ekki meira fjármagn til starfseminnar en aðrir grunnskólar Reykjavíkurborgar.

Viðmælendur veltu vöngum yfir því hvaða leiðir væru farnar í Norðlingaskóla til þess að spara kostnað. Forfallakennslan var nokkuð rædd í þessu sambandi. Í hópkenndlunni felst viss sparnaður því í slíku fyrirkomulagi geta starfsmenn leyst forföllin sín á milli. Einum viðmælendanna fannst hins vegar of mikið gert úr því að sparnaður Norðlingaskóla fælist í forfallakennslunni. Þessi viðmælandi sagði forfallakennslu almennt ekki vera nema u.þ.b. 3-4% af kostnaði í skólum. Sami viðmælandi taldi skólann hljóta að vera með færri kennara en gert er ráð fyrir í

kjarasamningum. Þannig gæti skólinn greitt færri kennurum sömu upphæð og greidd er fleiri kennurum í öðrum skólum. Aðrir viðmælendur voru einnig á því að skólinn væri að spara með fækkun stöðugilda. Stöðugildi sem aðrir skólar nýta í stoðþjónustu eins og gangavörslu sparast í opnum skóla eins og Norðlingaskóla, þar sem kennarar ganga í störf allra. Í skólum sem einkennast af lokuðu fyrirkomulagi sjá kennarar um nemendur meðan á kennslu stendur en börnin eru síðan í umsjá annarra aðila utan kennslustundarinnar. Slíkt fyrirkomulag krefst því mikillar mönnunar. Bent var á að skólustjóri Norðlingaskóla sparaði einnig kostnað við sérkennslu. Einn viðmælendanna sagði stjórnendum og sérkennurum hafa fjölgað mikið í grunnskólum landsins á undanförunum árum en að óvíst væri hvort þessi fjölgun hafi skilað sér í betra skólustarfi. Sami viðmælandi sagði mögulegt að draga úr aukakostnaði sem orðið hefur vegna fjölgunar stjórnenda og sérkennara og hækka laun kennara í staðinn. Kennarinn verður þannig sýnilegri og ábyrgð hans meiri. Hann sér þá sjálfur um að leysa málin í stað þess að vísa þeim á aðra aðila og umbun kennarans fyrir þessa auknu ábyrgð felst í hærri launum.

Áhrif nýrra kjarasamninga

Meðal viðmælenda gætti nokkurrar óvissu um hvernig launamálum kennara við Norðlingaskóla yrði háttað í kjölfar nýrra kjarasamninga. Í kjarasamningunum voru laun kennara leiðrétt um meira en 20%. Einn viðmælandi taldi ógerlegt fyrir skólann að leiðrétt laun um þetta hlutfall og bæta svo tíu launaflokkum ofan á þau laun, eins og verið hefur. Það væru einfaldlega ekki til nægilega miklir peningar til þess að framkvæma slíkt. Í öðru viðtali kom fram að skólustjóri Norðlingaskóla hygðist minnka bilið milli kennara Norðlingaskóla og annarra kennara úr tíu launaflokkum í átta. Samt var talið að skólinn gæti lent í erfiðleikum fjárhagslega og það væri ótrúlegt að skólinn fengi ekki aukagreiðslur. Með hverjum nemenda kemur fjármagn inn í skólann og undanfarin ár hefur nemendafjöldi að hausti verið meiri en ráðgert var. Nú er skólinn hins vegar í fyrsta sinn í þeirri aðstöðu að það flytja ekki eins mörg börn í hverfið og ráðgert var. Skólinn mun reyndar ekki þurfa að taka á sig allan þann halla því endurúthlutunarsjóður Reykjavíkurborgar kemur til móts við þá skerðingu að einhverju leyti.

Tilraunir með bókun fimm í öðrum skólum

Þegar rætt var um fjármál Norðlingaskóla, leiddist umræðan oft út í tilraunir með bókun fimm í öðrum skólum. Samkvæmt viðmælendum hefur skólum utan

Reykjavíkur einhverra hluta vegna ekki tekist að innleiða bókun fimm án auka fjárveitingar. Norðlingaskóli er eini skólinn í Reykjavík sem er með samning um bókun fimm, en nokkrir skólar hafa lýst yfir áhuga á að keyra tilraunina á a.m.k. hluta starfsemi sinnar. Þó ber að hafa í huga að einhverjir skólar á landsbyggðinni hafa keyrt hluta starfsemi sinnar undir bókun fimm en þó með auknu fjármagni frá sveitarfélagi. Viðkomandi sveitarfélög hafa þurft að greiða mun hærri upphæð til þessara skóla en þau myndu gera ef skólarnir færu eftir hefðinni. Ekki er því komin reynsla á það ennþá hvort þessum skólum takist að hagræða á þann hátt að hægt sé að hækka laun kennara þeirra.

Sumir viðmælenda höfðu orð á því að erfitt gæti reynst að innleiða bókun fimm í rótgrónum skólastofnunum. Í Norðlingaholti voru kennarar ráðnir inn á þeim forsendum að þeir væru að ganga inn í nýtt kerfi. Erfiðara gæti reynst að breyta samningum kennara sem hafa starfað saman um árábil eftir hefðbundnum samningum. Það er ekki sjálfgefið að allir kennarar séu tilbúnir að taka upp nýja starfshætti og binda sig lengur á vinnustað sínum. Menntasvið Reykjavíkur bindur eftir sem áður vonir við að kerfi líkt því sem er við lýði í Norðlingaskóla verði tekið upp í fleiri skólum í Reykjavík.

Viðmælendur töldu ýmsa aðra þætti en ungan aldur skólans gera það að verkum að unnt er að framkvæma tilraunina í Norðlingaskóla. Smæð skólans og nærumhverfisins var talið skipta máli, en leiðtogahæfileikar skólastjórans voru einnig taldir skipa stóran sess. Eins og einn viðmælandi orðaði það: „*Það þarf kannski sérstakan karakter í skólastjórnann til að þetta geti gengið.*” Sif Vígbórsdóttir þótti framsækin og einstaklega lágín við að fá fólk til liðs við sig. Hins vegar var viðmælendum það einnig ljóst að starf Norðlingaskóla hvíldi að miklu leyti á einni manneskju og leiðtogahæfilegum hennar. Einn viðmælandi sagði annmarka vera á slíku fyrirkomulagi þegar skólinn stækkar. „*...það eru fleiri foreldrar, það eru fleiri nemendur, það eru fleiri starfsmenn sem þarf að vera leiðtogi fyrir.*” Það virðist því síður en svo hafa dregið úr vinnuframlagi Sifjar, þó aukin reynsla sé komin á starf skólans frá því hann hóf fyrst göngu sína. Tveir viðmælendur lýstu yfir áhyggjum vegna þessa: „*Náttúrulega hefur maður smá áhyggjur af því að hún sé að keyra þetta þannig að hún kannski bara endi þannig að hún verði bara veik,*”

7. Lokaorð

Í skýrslu þessari er að finna meginatriði sem komu fram í úttekt á tilraun sem fór fram í Norðlingaskóla á sumarmánuðum 2008. Um var að ræða mat á áhrifum og væntingum til bókunar fimm í kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskóla.

Það virðist ríkja almenn ánægja með það starf sem unnið er í Norðlingaskóla. Skólinn er leiðandi í uppbyggingu einstaklingsmiðaðs námsmats, auk þess sem í skólanum fer fram samkenndla árganga og teymisvinna starfsfólks. Kennarar skólans voru mjög ánægðir með þá yfirsýn sem þeir öðlast í gegnum teymisvinnuna og var það samdóma álit þeirra að slík vinna væri torveld ef ekki væri fyrir bókun fimm. Vinnustaðargreining sem framkvæmd var meðal kennara skólans sýndi að það ríkti mikil starfsánægja í skólanum og kom slík ánægja einnig fram í viðtölum sem tekin voru við kennara í tengslum við mat á bókun fimm. Góður andi ríkir í skólanum og kennarar eru ánægðir með að hafa lokið vinnu sinni þegar heim er komið. Hins vegar verður ekki horft framhjá því að kennarar við Norðlingaskóla eru sérvalinn hópur sem réði sig til skólans á ákveðnum forsendum. Þetta er fólk sem á gott með starfa í hópi með öðrum og hefur löngun til að prófa eitthvað nýtt.

Ánægja með skólann kom einnig fram í viðtölum við foreldra í Foreldrafélagi og Foreldraráði skólans og í könnun sem framkvæmd var meðal foreldra. Foreldrar eru ánægðir með þann greiða aðgang sem þeir hafa að kennurum og svo virðist sem haldið sé vel utan um nemendur í því kerfi sem hefur verið þróað í Norðlingaskóla.

Hin almenna ánægja sem ríkir meðal kennara og foreldra í Norðlingaholti sýnir mikilvægi þess að skapa svigrúm til að keyra tilraunaverkefni í grunnskólum landsins. Bókun fimm er mikilvæg tilraun, enda er forsenda þess að hægt sé að þróa kerfi og kennsluhætti að hægt sé að breyta út af vananum. Allar slíkar tilraunir eru af hinu góða, enda þarf framtíðarsýn okkar í skólamálu að aðlagast að breytingum í samtímanum.

Tekist hefur vel til með að keyra bókun fimm í Norðlingaskóla. Það virðist hægt að framkvæma tilraunina innan ákveðins fjárhagsramma og samkvæmt úttekt á vinnuskýrslum kennara, virðast þeir ekki kenna meira en þeim ber að gera samkvæmt

samningum. Bókun fimm virðist því ganga upp í stækkandi skóla, þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður sem fylgja kennslu í færanlegum skólastofum.

Því er hins vegar ekki að neita að það liggja ákveðnar hættur í bókun fimm. Í Norðlingaholti ganga kennarar í störf allra og sé mikið um forföll getur slíkt kerfi valdið álagi á kennara. Fram kom í viðtölum við kennara í Norðlingaskóla að þeir bæru mikið traust til yfirstjórnar skólans. Kennarar treysta því að skólastjórnendur hafi hagsmuni kennara að leiðarljósi og gæti þess að álagi vegna forfallakennslu sé dreift jafnt milli kennara. Í kerfi þar sem allir kennarar ganga í störf hvers annars skiptir því miklu máli að stjórnendur haldi vel utan um sína undirmenn. Það virðist því vera sem það kerfi sem hér er til umfjöllunar standi að miklu leyti og falli með stjórnandanum.

Til þess að bókun fimm geti gengið í öðrum grunnskólum þarf framsækinn stjórnanda sem er fær um að dreifa álagi jafnt á undirmenn sína. Aldur skólans virðist einnig skipta máli. Það eru uppi efasemdir um að hægt sé að keyra það skipulag sem fylgir bókun fimm í eldri skólum sem þegar hafa mótað sínar hefðir og vinnumenningu. Það mælir hins vegar ekkert á móti því að aðrir nýir skólar taki upp fyrirkomulag á borð við bókun fimm, svo lengi sem áhugasamt og hæft fólk fæst til starfa.

Að lokum skal bent á að það kerfi sem er við lýði í Norðlingaskóla er keyrt áfram af gríðarlegri framsækni. Skólastjóri setur sér ákveðin markmið og lætur hlutina ganga upp og undirmenn bera mikið traust til hennar. Af þeim sökum þarf að hlúa vel að stjórnendum skólans. Finna þarf leið til að létta undir með skólastjóra án þess að það bitni á innra starfinu.

VIÐAUKI

Greinar úr gildandi kjarasamning kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga með gildistíma 1. júní 2008 til og með 31. maí 2009.

1 Kaup

1.1 Mánaðarlaun

1.1.1 Föst mánaðarlaun

Föst mánaðarlaun starfsmanns, sem gegnir fullu starfi, skulu greidd samkvæmt neðangreindri launatöflu. Launatafla þessi tekur gildi 1. október 2008.

Launatafla grunnskólakennara frá 1. ágúst til 31. desember 2008

	<35 Frá 1. þrep	35 ára 2. þrep	Frá 40 ára 3. þrep
	224	206.268	214.881
	225	211.436	220.308
Leiðbeinandi 1	226	216.759	225.897
	227	222.242	231.654
Leiðbeinandi 2	228	227.889	237.583
	229	233.706	243.691
	230	239.697	249.982
	231	245.868	256.461
	232	252.224	263.135
Grunnskólakennari/Danskennari	233	258.771	270.009
Umsjónarkennari 1	234	265.514	277.089
Umsjónarkennari 2/Sérkennari	235	272.459	284.382
Námsráðgjafi 1	236	279.613	291.893
	237	286.981	299.630
Námsráðgjafi 2/Verkefnastjóri 1	238	294.571	307.599
	239	302.388	315.807
	240	310.439	324.261
Verkefnastjóri 2	241	318.733	332.969
	242	327.275	341.938
	243	336.073	351.176
	244	345.135	360.692
	245	354.469	370.492
	246	364.083	380.587
	247	373.986	390.985
	248	384.185	401.694
	249	394.691	412.725
	250	405.511	424.087

1.1.2 Launaflokkum fjölgað

Nú eru til þess gildar orsakir, að ekki næst eðlilegt innbyrðis samræmi við skipan starfa í launaflokka innan ramma framangreinds launastiga, og er þá heimilt að auka við hann launaflokkum, þannig að laun hinna nýju launaflokka séu 3% hærri en laun í sama þrepi næsta launaflokks á undan.

Ath. Töflubreyting fylgdi samningi 2008 sem fellst í flatrí krónutöluhækkun á alla launaflokka. Ef auka á við launtöflur launaflokkum, sem birtar eru í þessari útgáfu, þarf í grunninn að nota

launatöflu frá 1. mars 2008, auka við hana samkvæmt ákvæði gr. 1.1.2 og bæta síðan við krónutöluhækkun að upphæð 34.000 kr. Eftir slíkar breytingar eru um það bil 2,7% milli flokka.

1.1.3 Dagkaup

Þegar unninn er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig, að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi til loka starfstíma.

1.1.4 Mánaðarlaun í hlutastarfi

Kennari sem ráðinn er í 1/3 eða stærra stöðuhlutfall í þrjú mánuði eða lengur skal taka föst mánaðarlaun.

1.1.5 Hækkun launa á samningstíma

Hinn 1. janúar 2009 hækki launatafla um 2,5%.

1.2 Launaþrep

1.2.1 Röðun í launaþrep

Launaþrep eru 3. Röðun í launaþrep miðast við lífaldur. Innröðun í þrep miðast við aldur frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag. 5% munur er milli launaþrepa.

1. þrep að 35 ára aldri
2. þrep frá 35 ára aldri
3. þrep frá 40 ára aldri

1.3 Starfsheiti og röðun í launaflokka

1.3.1 Röðun í launaflokka

Grein 1.3.1. Röðun í launaflokka

Starfsheiti	Starfslýsing	Launaflokkur
<i>Leiðbeinandi 1</i>	<i>Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu..</i>	226
<i>Leiðbeinandi 2</i>	<i>Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu og hefur leikskólakennarapróf, þroskaþjálfapróf eða annað formlegt próf sem nýtist í starfi.</i>	228
<i>Danskennari</i>	<i>Danskennari með viðurkenningu frá Dansráði Íslands vegna starfa sem danskennari. .</i>	233
<i>Grunnskólakennari</i>	<i>Hefur réttindi og sinnir störfum grunnskólakennara í samræmi við lög, aðalnámskrá og skánámskrá.</i>	233
<i>Umsjónarkennari 1</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur umsón með 12-19 nemendum í bekk/námshópi. Hver nemandi hefur aðeins einn umsjónarkennara</i>	234
<i>Umsónarkennari 2</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur umsón með 20 nemendum eða fleiri í bekk/námshópi. Hver nemandi hefur aðeins einn umsjónarkennara.</i>	235
<i>Sérkennari</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem /grunnskólakennari og hefur á hendi sérkennslu skv. skilgreiningu 3. gr. Reglugerðar nr. 389/1996 um sérkennslu sem nemur a.m.k. 50% af starfi. i.</i>	235
<i>Námsráðgjafi 1</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem námsráðgjafi/grunnskólakennari og er námsráðgjafi í 25-49% starfi.</i>	236

Námsráðgjafi 2	Uppfyllir skilyrði sem námsráðgjafi/grunnskólakennari og er námsráðgjafi í hálfu starfi eða meira.	238
Verkefnastjóri 1	Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og er í 20-49% verkefnastjórn.	238
Verkefnastjóri 2	Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og er í 50% - 100% verkefnastjórn.	241

Grunnröðun umsjónarkennara fer eftir fjölda nemenda í bekk. Miðað er við nemendafjölda 1. október ár hvert. Verði breyting á nemendafjölda sem leiði til breytinga á launaflokki kennara skal leiðrétt röðunina miðað við nemendafjölda 15. janúar til hækkunar eða lækkunar og gildir hin nýja röðun frá og með 1. febrúar.

Þrátt fyrir ákvæði í gr. 1.3.1 um röðun umsjónarkennara skal grunnskólakennari sem hefur umsjón með 9 nemendum í tveimur árgöngum eða 8 nemendum í þremur árgöngum einnig raðast sem umsjónarkennari 1. Með sama hætti skal grunnskólakennari sem er með umsjón með 18 nemendum í tveimur árgöngum raðast sem umsjónarkennari 2 (Samstarfsnefnd 21. apríl 2001). Grunnskólakennarar sem kenna við nýbúadeildir og/eða á sjúkrastofnunum sem nemur a.m.k. 50% starfi taki laun sem sérkennarar enda sé um hliðstæðar skyldur að ræða og fjallað er um í 3. gr. reglugerðar nr. 389/1996 (Samstarfsnefnd 11. júlí 2001).

Kennarar við Brúarskóla, Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla raðist einum launaflokki ofar en fyrrgreind starfsheitaröðun segir til um. (Samstarfsnefnd 13. desember 2005)

Bókun 6 frá 2004: Við ráðstöfun á fjármunum sem ætlaðir eru til endurröðunar starfsheita hinn 1. ágúst 2005 skal námsráðgjöfum í 50% starfi eða meira sem slíkir raðað einum launaflokki ofar en ella. Skilgreinig á starfsheitinu námsráðgjafi 1 miðast við þann sem er í 25-49% starfshlutfalli sem námsráðgjafi en námsráðgjafi 2 í 50% eða meira. Raðast nú í launaflokk 238 eftir endurröðun.

Bókun 12 (SÍ) frá 2001:

Snúi skólastjórnendur aftur til kennslustarfa verður eftirfarandi lagt til grundvallar:

- eftir 10 ár sem skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri raðist viðkomandi einum launaflokk ofar en ella sem kennari.

- eftir 20 ár sem skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri raðist viðkomandi þremur launaflokkum ofar en ella sem kennari.

1.3.2 Viðbótarlaun vegna álags eða verkefna utan 9,14

Skólastjóri hefur til umráða á skólaárinu sem svarar til kr. 105.000.- fyrir hvert stöðugildi félagamanna í FG í viðkomandi skóla, sem taka laun eftir þessum samningi, til að greiða kennurum fyrir sérstakt álag og verkefni sem ekki rúmast innan 9,14 verkstjórnarstunda, sbr. grein 2.1.6.2. Sjá einnig Bókun 6 frá 2004.

1.3.3 Viðbótarflokkar vegna prófa og leyfisbréfa

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri, sérkennari eða námsráðgjafi 15 eininga sérhæft viðbótarnám á háskólastigi eða 30 eininga framhaldsnám í fagi á háskólastigi eða leyfisbréf á báðum skólastigum hækkar röðun hans um einn launaflokk. Frá 1. janúar 2006 verður tekið tillit til viðbótarnáms í list- og verkgreinum sem jafna má til háskólaeininga þótt aflað sé í skólum sem ekki eru viðurkenndir á háskólastigi. Hér er vísað til náms í Myndlista- og handíðaskólanum, Leiklistarskóla Íslands, Tónlistarskóla FÍH og hliðstæðum skólum. Samstarfsnefnd skal setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og meta einingagildi náms í hverju tilfelli.

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri, sérkennari eða námsráðgjafi tvöfalt Bed/BA/BS próf eða MA/MS próf hækkar hann um 2 launaflokka.

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri sérkennari eða námsráðgjafi doktorspróf hækkar hann um 3 launaflokka.

Fyrsta málsgrein gefur samtals 1 lfl. hvort sem uppfyllt er eitt eða öll tilefni málsgreinarinnar, önnur málsgrein 2 lfl. og þriðja málsgrein 3 lfl. Samtals getur gr. 1.3.3 gefið 6 lfl. Undir 15 eininga sérhæft viðbótarnám falla t.d. þeir sem lokið hafa 15 eininga stjórnunarnámi, námi í upplýsingatekni, námi í

uppeldis og menntunarfræðum sem og aðrir sem lokið hafa 15 háskólaeininga námi sem lýkur með staðfestri viðurkenningu frá viðkomandi háskóla. 30 eininga framhaldsnámi er hins vegar hægt að safna saman með mörgum námsáföngum sem gefa háskólaeiningar (Samstarfsnefnd 21. apríl 2001). Með tvöföldu kennaraprófi er átt við að viðkomandi hafi lokið tveimur prófum sem veita kennsluréttindi, eldra kennarapróf eða Bed próf og próf í kennslugrein. Leiðbeinandi með tvö háskólaþróf fellur einnig hér undir (Samstarfsnefnd 17. apríl 2001). Til að öðlast launaflokk skv. 1. málsgrein þarf viðkomandi að hafa lokið 15 eininga háskólanámi sem nýtist í starfi (þ.e. í námsgrein sem kennd er í grunnskóla), hafa leyfisbréf á framhaldsskólastigi eða hafa lokið 30 eininga háskólanámi. Leiðbeinandi I, sem hefur lokið 15 eininga háskólanámi sem nýtist í starfi (þ.e. í námsgrein sem kennd er í grunnskóla) fær því einn launaflokk og verður í launaflokki 227. Leiðbeinandi, sem lokið hefur 30 eininga háskólanámi, raðast sem leiðbeinandi II, þ.e. í launaflokk 228. Leiðbeinandi í kennaranámi við Kennaraháskóla Íslands (Bed-námi) raðast í launaflokk 227 þegar hann hefur lokið 15 einingum en fer í launaflokk 229 þegar hann hefur lokið 30 einingum. Leiðbeinandi með BA próf eða annað jafngilt (90 eininga háskólaþróf) er leiðbeinandi II með 1 flokk til viðbótar vegna málsgreinar I (fer í lfl. 229). Hafi grunnskólakennari fengið launaflokk vegna viðbótarnáms skv. fyrstu málsgrein fyrir nám sem er hluti af MA/MS prófi eða hluti af öðru Bed/BA/BS prófi fellur hann niður þegar viðkomandi fær 2 launaflokka vegna annarrar málsgreinar. Hafi grunnskólakennari fengið viðbótarlaunaflokk vegna leyfisbréfa á báðum skólastigum heldur hann honum þegar hann fær launaflokka vegna annarrar málsgreinar. Sama gildir ef nám skv. fyrstu málsgrein er viðbótarnám umfram nám sem tilgreint er í annarri málsgrein og ekki hluti af því. Kennarapróf (Bed-próf) ásamt íþróttakennaraprófi eða öðru prófi, sem veitir kennsluréttindi á grunnskólastigi, ásamt leyfisbréfi á báðum skólastigum gefur samtals 3 flokka. Tveggja ára sérkennslunám við sérkennsluháskólann í Osló skal metið sem BA próf. (Samstarfsnefnd 1. október 2002)

1.3.4 Staðgengilslaun

Kennari sem skipaður er staðgengill skólastjóra í skóla þar sem ekki er aðstoðarskólastjóri taki laun einum launaflokki ofar en ella.

1.3.5 Viðbótarlaunaflokkar vegna kennsluferils eða lífaldurs

Vegna ákvæða um endur- og símenntun kennara hækkar röðun allra starfsheita vegna námskeiða/endurmenntunar sem hér segir: Um einn launaflokk eftir 5 ára kennsluferil, annan eftir 10 ára kennsluferil og þann þriðja eftir 15 ára kennsluferil. Þrátt fyrir ofangreint skal miða launaflokkahækkunar vegna símenntunar hjá kennurum sem voru starfi 17. nóvember 2004 við eftirfarandi reglu: Einn launaflokkur við 35 ára aldur, annar við 40 ára aldur og þriðji við 45 ára aldur. Heimilt er kennara sem var í starfi þann 17. nóvember 2004 að velja að miða við kennsluferil skv. 1. mgr. Breyting tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að tilkynning berst launagreiðenda. Samtals gefur greinin þrjá launaflokka.

Launahækkun vegna símenntunar skal miðast við upphaf næsta mánaðar eftir afmælisdag (sbr. 1.2.1) eða eftir að tilskildum kennsluferli er náð nema skólastjóri hafi tilkynnt launagreiðanda að viðkomandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar í samræmi við endurmenntunaráætlun. Kennari ber ábyrgð á að upplýsingar um kennsluferil berist skóla.

1.3.6 Námskeið, sem skipulögð eru af fræðslufyrirvöldum

Námskeið, sem skipulögð eru af fræðslufyrirvöldum sveitarfélaga, skulu að öðru jöfnu ekki haldin í júlímánuði.

1.3.7 Kennarapróf jafngild til launa

Miða skal við, að kennarapróf, sem lögum samkvæmt veita kennurum sömu starfsréttindi, séu jafngild til launa án tillits til þess, á hvaða tíma þau hafa verið tekin.

1.4 Tímakaup í dagvinnu

1.4.1 Tímakaup í dagvinnu, útreikningur

Tímakaup í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarkaupi miðað við 1. launaþrep. Viðmiðun við launaþrep vegna tímakaupsútreiknings eftirlaunaþega er við 3. þrep skv. gr. 1.4.2.

1.4.2 Tímakaup í dagvinnu, hverjum má greiða

Heimilt er að greiða tímakaup í eftirfarandi tilvikum:

1. Lífeyrisþegum, sem vinna hluta úr starfi.
2. Starfsmönnum, sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum, afmörkuðum verkefnum.

1.5 Tímakaup í yfirvinnu

1.5.1 Yfirvinnukaup, útreikningur

Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum starfsmannsins.

1.5.2 Stórhátíðarkaup, útreikningur

Öll vinna, sem unnin er á stórhátíðum skv. 2.1.4.2 greiðist með tímakaupi sem nemur 1,375% af mánaðarlaunum starfsmannsins.

1.5.3 Yfirvinna fjarri föstum vinnustað

Sé yfirvinna fjarri föstum vinnustað ekki greidd samkvæmt tímareikningi, skal semja um þá greiðslu fyrirfram við viðkomandi starfsmann og í samráði við stéttarfélag.

1.5.4 Kennsluyfirvinna

Hver 40 mínútna kennslustund í yfirvinnu í grunnskóla greiðist með 50% álagi, þ.e. sem 1 klst í yfirvinnu.

1.5.5 Yfirvinna, önnur en kennsla

Önnur yfirvinna en kennsla greiðist með yfirvinnukaupi miðað við unnar klukkustundir.

1.6 Álagsgreiðslur, vaktaálag

1.6.1 Vaktaálag

Vaktaálag fyrir hverja klukkustund skal vera 33,33% af tímakaupi í dagvinnu sbr. 1.4.1 á tímabilinu kl. 17:00 til 24:00, 45% á tímabilinu kl. 00:00 til 08:00, svo og á laugardögum, sunnudögum og sérstökum frídögum öðrum en stórhátíðardögum, en 90% á þeim dögum, sbr.2.1.4.3. Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Tímakaup á útkallsvakt (gæsluvakt) er vaktaálag skv. 1.6.1.

1.7 Annaruppbót

Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót), 63.000 kr. 1. desember 2008 og 65.000 kr. þann 1. júní 2009. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma.

2 Vinnutími

2.1 Almenn, árlegur starfstími skóla, vinnutími kennara

2.1.1 40 stunda vinnuvika

Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi skal vera 40 stundir, nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið. Heimilt er að semja við stéttarfélögin um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða.

2.1.2 Vinnutíma breytt með samningi

Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar. Einnig er heimilt að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili og um ákveðið frjálsræði um, hvenær vinnuskyldu er gegnt. Leita skal samþykkis samningsaðila þegar heimilda þessara er neytt.

2.1.3 Samfelldur vinnutími

Vinnutími starfsmanna skal vera samfelldur.

2.1.4 Frídagar

2.1.4.1 Almennir frídagar eru laugardagar og sunnudagar.

2.1.4.2 Sérstakir frídagar eru:

1. Nýársdagur
2. Skírdagur
3. Föstudagurinn langi
4. Laugardagur fyrir páska
5. Páskadagur
6. Annar í páskum
7. Sumardagurinn fyrsti
8. 1. maí
9. Uppstigningardagur
10. Hvítasunnudagur
11. Annar í hvítasunnu
12. 17. júní
13. Frídagur verslunarmanna
14. Aðfangadagur jóla eftir kl 12
15. Jóladaur
16. Annar í jólum
17. Gamlársdagur eftir kl 12

2.1.4.3 Stórhátíðardagar eru:

1. Nýársdagur
2. Föstudagurinn langi

3. Páskadagur
4. Hvítasunnudagur
5. 17. júní
6. Aðfangadagur jóla eftir kl 12
7. Jóladagur
8. Gamlársdagur eftir kl 12

2.1.5 Árlegur starfstími skóla

2.1.5.1 Skóladagar nemenda

Skóladagar nemenda á ári skulu vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

2.1.5.2 Undirbúningsdagar

Undirbúningsdagar kennara undir stjórn skólustjóra skulu vera samtals 8 fyrir upphaf og eftir lok skóladaga nemenda. Undirbúningsdagar á starfstíma skóla eru 5. Skólum er heimilt að fella þá inn í vikulegt vinnuskipulag að hluta eða öllu leyti. Lengist þá vikuleg vinnuskylda kennara sem því nemur.

2.1.5.3 Sveigjanlegur starfstími

Í skólanámskrá skal taka fram hvenær nemendur koma til starfa í skóla að hausti og hvenær þeir ljúki störfum að vori og hvort og þá hvenær vetrarfrí sé tekið og hvernig fyrirkomulagi undirbúningsdaga á starfstíma skóla verður háttað. Gert erráð fyrir að kennarar geti innt af hendi störf í skóla á tímabilinu frá miðjum ágúst til miðs júnímánaðar næsta ár, skv. ákvæðum skólanámskrár.

Í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla segir í 29. gr.:

„Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólustjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánar útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlægru starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stöðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar, sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skólustjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.“

Nánari útskýring um töku vetrarfrís: Ef vetrarfrí er tekið verður það að koma fram á skóladagatali sem þarfnast staðfestingar skólanefndar. Fríð getur verið hvenær sem er á skólaárinu. Vetrarfrí getur verið háð samræmingu á milli skóla á sama svæði.

2.1.6 Vinnutími kennara í grunnskóla

2.1.6.1 Vikuleg vinnuskylda

Vinnutími kennara í fullu starfi skal vera 40 klst. á viku til jafnaðar yfir árið. Vikuleg vinnuskylda hans er 42,86 klst. á viku miðað við 37 vikna starfstíma skóla.

Undirbúningsdagar fyrir upphaf og eftir lok starfstíma skóla eru samtals 8, sbr.

2.1.5.2. Að auki eru 150 klst. til endurmenntunar og undirbúnings, sbr. 2.1.6.4.

Skýringartexti með gr. 2.1.6.2

Aðilar eru sammála um að meðfylgjandi tafla sýni skiptingu vikulegs vinnutíma kennara, m.a. með hliðsjón af aldursafslætti. Fremsti dálkurinn sýnir verkþætti sem unnir eru, næsti vinnutímaskiptingu m.v. 26 kennslustundir á viku og þriðji og fjórði dálkur sýna vinnutímaskiptingu þeirra sem njóta aldursafsláttar.

Skilgreining á vinnutíma kennara í fullu starfi:

	37 vikur	26 ke.st.	55 ára* 24 ke.st.	60 ára*
19 ke.st.				
		Klst	Klst	Klst
Kennsla		17,33	16	12,67
Frímínútur		2,8	2,8	2,8
Kaffítímar		2,92	2,92	2,92
Verkstjórnarþáttur* *		9,14	11,14	14,14
Leiðsögn /handleiðsla		0	0	2
Undirbún. og úrvinnsla kennslu		10,67	9	7,33
Vikuleg vinnuskylda x 37 vikur		42,86	42,86	42,86
Undirbúningsd. utan skólatíma		64	64	64
Endurmenntun ofl. ***		150	150	150
Árleg vinnuskylda		1800	1800	1800

* Skilyrði fyrir kennsluafslætti er 10 ára kennsluferill

** Af verkstjórnarþætti er heimilt að töflusetja 4,14 klst. á viku.

*** Kennarar eldri en 30 ára ná þó í meðalári aðeins 126 klst og þeir sem eru 38 ára ná aðeins 102 klst í meðalári.

2.1.6.2 Vinnuskylda kennara

Vinnuskylda kennara er 1800 stundir á ári. Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á. Til vinnuskyldu heyra öll fagleg störf kennara.

Framkvæmd verkstjórnartíma skólastjóra:

Niðurröðun tímans:

Skólastjóri og kennari skulu leitast við að koma sér saman um það hvernig 9,14 stundir á viku samkvæmt grein 2.1.6.2. í kjarasamningi skuli nýttar á starfstíma skólans.

Þess skal gætt að nægilegur tími sé til:

Samstarfs fagfólks innan skólans og utan,
foreldrasamstarfs,
skráningar upplýsinga,
umsjónar- og eftirlits með kennslurými,
nemendasamtala.

Feli skólastjóri kennara frekari fagleg verkefni skulu kennari og skólastjóri fara vandlega yfir þann tíma sem áætlaður er til hvers verkefnis og hvort þau rúmist innan verkstjórnartímans. Leitast skal við að ná samkomulagi um þá afmörkun verkefna að ekki sé farið út fyrir tímarammann.

Sé það niðurstaðan að þau verkefni sem kennara hafa verið falin rúmist ekki innan viðmiðunartíma skal greidd yfirvinna fyrir þann tíma sem umfram er. Um meðferð ágreinings vísast til ákvæða laga og kjarasamnings.

Skólastjóra er heimilt að töflusetja allt að 4,14 stundir á viku vegna kennarafunda, samstarfsfunda og viðtalstíma. Í stað töflusettra kennarafunda geta komið önnur fagleg verkefni. Það sama á við um samstarfsfundi enda sé viðkomandi verkefni tengt viðfangsefni samstarfshópsins.

Það er sameiginlegur skilningur aðila að við gerð tímaáætlunar sé eðlilegt að taka tillit til þess að álag er mismunandi eftir árstíma.

Umsjón með gerð innkaupalista er hluti af vinnuskyldu kennara. Innkaup og viðhald búnaðar er ekki hluti af faglegum störfum kennara. Heimilt er að semja við einstaka kennara um að sinna þessum störfum innan dagvinnutíma eða í yfirvinnu.

Eftirfylgni:

Mikilvægt er að skólastjórnendur fylgist vel með því allt skólaárið hvernig kennarar sinna verkefnum sem þeim hafa verið falin og hvernig tímamörk standast. Komi í ljós að verkefni rúmast ekki innan tímamarka skulu verkefni eða tími til einstakra verkefna tekin til endurskoðunar og nái endar ekki saman í því efni skal greidd yfirvinna vegna umfram tímans.

2.1.6.3 Starfshættir

Nýta skal aukinn sveigjanleika í starfsháttum til að þróa verkaskiptingu, samstarfsform og samábyrgð kennara á skólastarfinu eftir því sem hentar í hverjum skóla og ákveðið er í skólanámskrá. Markmiðið er að gera vinnuskipulag sveigjanlegra og kalla fleiri til ábyrgðar meðal kennara til að stuðla að bættu skólastarfi og námi nemenda m.a. með aukinni faglegri aðstoð við nemendur og auknum tíma sem skólinn getur varið í foreldrasamstarf.

2.1.6.4 Endurmenntun kennara

Endurmenntun kennara skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda endurmenntun. Kennari skilgreinir þarfir sínar fyrir endurmenntun og kynnir skólastjóra sem ákveður hvernig staðið er að þessum málum með þarfir nemenda, kennara og heildarmarkmið skólans í huga. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt endurmenntun í auknu mæli á starfstíma skóla. Endurmenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra. (Sjá útskýringar í handbók við kjarasamning 2001)

2.1.6.5 Viðverutími, ákvörðun um dagleg mörk

Við upphaf skólaárs skal skólastjóri ákveða dagleg mörk viðverutíma. Skal hann vera samfelldur og liggja innan marka dagvinnutímabils eftir því sem við verður komið. Viðverutími annar en kennsla skal þó aldrei vera utan dagvinnumarka nema með samþykki kennara.

2.1.6.6 Vinnuskylda vegna námskeiða

Sé kennsla felld niður vegna námskeiða eða fræðslustarfsemi fyrir kennara, er þeim skylt að sækja þau námskeið eftir ákvörðun fræðsluyfirvalda sveitarfélaga. Sama gildir um námskeið eða fræðslustarfsemi fyrir kennara utan árlegs starfstíma skóla þó þannig að það hafi ekki áhrif á gr. 4.1.1 og 4.1.2.

2.1.6.7 Vinnuskylda á undirbúningsdögum skóla

Þá daga, sem varið er til ýmissa starfa í þágu skóla er allur vinnutími kennara til ráðstöfunar í því skyni. Hér er átt við allt að fimm undirbúningsdögum kennara á starfstíma skóla. Allur vinnutími kennara innan ramma vinnuskýrslu og tilheyrandi undirbúningstími er til ráðstöfunar fyrir hvern þessara fimm vinnudaga.

2.1.6.8 Störf kennara á skólasafni

Starfi kennari á skólasafni gildir eftirfarandi um vinnutíma hans miðað við 37 vikna starfstíma skóla:

1. Störf á starfstíma skóla eru 42 klst. og 52 mín. á viku miðað við fullt starf eða 1.586 klst. á árlegum starfstíma skóla.
2. Fela má kennara á skólasafni kennslu skv. stundaskrá allt að 26 kest/viku með tilsvarendi undirbúningstíma. Einnig og þá eftir atvikum til lækkunar á kennsluskyldu má fela skólasafnskennara umsjón með skólasafni og ráðgjöf við upplýsingaleit í bókum og rafrænum miðlum og miðlun til kennara, nemenda og annars starfsfólks skóla. Þá má fela skólasafnskennara stjórnun, val og innkaup á gögnum, áætlanagerð,

skýrslugerð og aðra skipulagningar-, umsjónar- og undirbúningsvinnu, er fram fer utan þess tíma sem safnið er opið nemendum eða er í umsjá annars aðila.

3. Endurmenntun og undirbúningur utan starfstíma skóla eru 150 klst. sbr. 2.1.6.4 og bókun 9.
(Athugasemd: Kennarar eldri en 30 ára ná þó í meðalári aðeins 126 klst og þeir sem eru 38 ára ná aðeins 102 klst í meðalári).
4. Störf fyrir upphaf kennslutímabils og eftir lok þess, svo sem frágangur, aðdrættir, undirbúningur, skipulagsstörf o.fl. undir stjórn skólastjóra í 64 klst., sbr. gr. 2.1.5.2.

2.1.6.9 Kennsla á sjúkrahúsum

Öll kjaratriði þessa samnings ná einnig til kennara á sjúkrahúsum og hliðstæðum stofnunum.

Sjá einnig skýringu með 1.3.1.

2.1.6.10 Vinnutímaskilgreining námsráðgjafa

Árlegan vinnutíma við námsráðgjöf í grunnskólum innir námsráðgjafi svo af hendi:

1. Viðverutímabil, 15. ágúst til 15. júní. Vikulegur vinnutími (viðvera skv. Nánari ákvörðun skólastjóra) 40,67 klst. 39 vikur x 40,67 klst. = 1.586 klst.
2. Vinna á undirbúningsdögum utan starfstíma skóla 64 klst.
3. Undirbúningstími, endurmenntun og önnur ófyrirséð vinna utan Dagvinnumarka, 1,79 klst. 39 vikur x 1,79 klst. = 70 klst.
4. Undirbúningsvinna og endurmenntun utan árlegs viðverutímabils. 80 klst. Árleg vinnuskylda 1.800 klst.

Sjá bókun 4 með kjarasamningi 2001

2.2 Dagvinna

Dagvinna skal unnin á tímabilinu kl. 08:00-17:00 frá mánudegi til föstudags, sbr. þó 2.1.2.

2.3 Yfirvinna

2.3.1 Yfirvinna, skilgreining

Yfirvinna telst sú vinna, sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma, svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé.

2.3.2 Yfirvinna á sérstökum frídögum

Öll vinna, sem unnin er á sérstökum frídögum skv. 2.1.4.2, greiðist sem yfirvinna skv. 1.5.

2.3.3 Útköll

2.3.3.1 Útköll, greiðslur

Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir a.m.k. 3 klst., nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klst. frá því hann fór til vinnu, en þá greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls fram til þess, að reglulegur vinnutími hefist. Ljúki útkalli áður en 3 klst. eru

liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu, skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkallsins.

2.3.3.2 Útkall um nætur og á helgidögum

Ef útkall hefst á tímabilinu kl. 00:00-08:00 á mánudegi til föstudags eða á almennum eða sérstökum frídögum skv. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, skal greitt yfirvinnukaup fyrir a.m.k. 4 klst., nema reglulegur vinnutími hefjist innan 3 1/2 klst. 20 frá því að útkall hófst, en í þeim tilvikum skal greiða 1/2 klst. til viðbótar unnum tíma.

Grein þessi tekur þó ekki til útkalls, sem er í beinu framhaldi af daglegri vinnu eða lýkur áður en 3 klst. eru liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu, en um þau tilvik fer eftir gr. 2.3.3.1.

2.3.4 Yfirvinna í hlutastarfi / viðbót við hlutastarf

2.3.4.1 Yfirvinna í hlutastörfum

Hafi starfsmaður skv. lögum eða samningi skemmri vikulega vinnuskyldu en gert er ráð fyrir í 2.1.1, skal vinna umfram hana greidd skv. 2.3.4.2-2.3.4.3.

2.3.4.2 Yfirvinna í hlutastörfum, óregluleg

Óreglubundin vinna umfram hina skertu vinnuskyldu eða samfelld vinna skemur en einn mánuð greiðist með því kaupi, sem greitt er fyrir yfirvinnu.

2.3.4.3 Hlutastarf, greiðslur fyrir reglubundna vinnu umfram mánuð

Samfelld reglubundin vinna einn mánuð eða lengur innan dagvinnumarka allt að fullri vinnuskyldu greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum, enda hafi viðkomandi starfsmanni verið kynnt það, áður en sú vinna hófst.

2.3.5 Yfirvinna, gjalddagi

Öll yfirvinna skal greidd eftir á fyrir hvern mánuð eða hverja þrjátíu daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reikningstímabils. Sama gildir um greiðslu fyrir yfirvinnu á veikindatímabili.

2.3.6 Yfirvinnustundir á stundaskrá, skilgreining

Sé kennt umfram kennsluskyldu, skal telja kennslustundir til yfirvinnu í þeirri röð, sem hér greinir:

1. Fyrst skulu taldar síðustu kennslustundir fyrir kl. 13:30 á dögum þeim, sem kennari kennir án matarhlés á tímabilinu kl. 11:30-13:30.
2. Næst skulu taldar kennslustundir utan marka dagvinnutímabils.
3. Að lokum skulu taldar þær kennslustundir í viku hverri, er ganga lengst fram eftir degi, og þá fyrst þær, er síðast falla til í viku hverri.

2.3.7 Föst yfirvinna, greiðsla

Föst yfirvinna greiðist á starfstíma skóla (38 vikur miðað við heilt starfsár). *Vetrarfrí skóla lengir ekki þann tíma sem yfirvinna er greidd.*

2.3.8 Matartími sem kennt er í, greidd sem yfirvinna

Kennari skal hafa samfellt matarhlé skv. gr. 3.1, en verði því ekki við komið, greiðist kennsla, sem fram fer í matartíma þannig, að á kennslustund í kennsluskyldu kemur yfirvinnuálag skv. gr. 1.5.1 á þann tíma, sem á skortir, að matartími kennarans sé 30 mínútur. Greiðsla fyrir vinnu í matartíma verður því sem hér segir:

Matarhlé 25 mínútur, greiddar 15 mínútur.
Matarhlé 20 mínútur, greiddar 20 mínútur.
Matarhlé 15 mínútur, greiddar 25 mínútur.
Matarhlé 10 mínútur, greiddar 30 mínútur.

Greitt er með yfirvinnukaupi eða yfirvinnuálagi, eftir því sem við á.

2.3.9 Nemendaferðir, greiðslur fyrir umsjón

Fyrir umsjón í nemendaferðum, sem skipulagðar eru sem hluti af starfi grunnskóla, skal greiða allt að 12 klukkustundir á dag að frádregnum fjölda kennslustunda á stundaskrá viðkomandi kennara á ferðadegi. Standi ferð yfir nótt, greiðast að auki 3 klukkustundir.

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klst, reiknað frá byrjun vinnudags, skal starfsmaður fá a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld.
Mest reynir á ákvæði um lágmarkshvíld í tengslum við félagsstarf í skólum og ferðir nemenda. Mikilvægt er að haga skipulagi félagsstarfs og nemendaferða þannig að ekki verði gengið á svig við lágmarkshvíldarákvæði eða önnur ákvæði vinnutímasamningsins.
Ef kennari verður vegna ófyrirséðra aðstæðna að standa lengri vinnulotu en 13 klst af óviðráðanlegum ástæðum ber honum í kjölfarið 11 st lágmarkshvíld. Ekki er heimilt að skipuleggja brot á lágmarkshvíldarákvæðum og bjóða kennara frítökurétt í staðinn eða greiðslur í stað hvíldar. Foreldrar mega vænta þess að ákveðin gæsla sé á nemendum þegar þeir eru á vegum skóla við nám, í félagsstarfi eða á ferðalögum. Sú gæsla gæti verið innt af hendi af kennurum skólans, skólaliðum eða öðrum aðilum. Mikilvægt er að leita leiða til að leysa þessi mál með skynsamlegum hætti.

2.3.10 Gæsla nemenda

Sé kennara falin gæsla nemenda í frímínútum eða öðrum kennsluhléum, skal greiða gæslutímamann með yfirvinnukaupi.

2.3.11 Gæsla nemenda í heimavistum

Hverja klukkustund við gæslustörf í heimavistarskólum á grunnskólastigi skal greiða skv. launaflokki starfsmanns sem dagvinnu, yfirvinnu eða dagvinnu með álagi sbr. 2.2, 2.3 og 2.4. Laun fyrir gæslustörf í veikindum greiðast með sama hætti og yfirvinna.

2.3.12 Kennsla við fleiri en einn skóla

Ljúki kennari allri kennsluskyldu sinni við grunnskóla í sama sveitarfélagi, skal önnur kennsla við þá skóla umfram hana greidd sem yfirvinna.

2.3.13 Leiðsögukenningar

Heimilt er að fela kennurum grunnskóla leiðsögn nýliða við þann skóla sem þeir starfa eða aðra skóla í sama sveitarfélagi. Nýliði telst sá sem ekki hefur verið á föstum mánaðarlaunum í a.m.k. hálfu starfi við kennslu í eitt ár eða lengur einhvern tíma á síðustu fimm árum.

2.4 Hvíldartími

2.4.1.1 Samfelld hvíld

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Á skipulegum vaktaskiptum er þó heimilt að stytta hvíldartíma í allt að 8 klst. sbr. þó bókun vegna a. og d. liðar 13. gr. í samningi ASÍ, BHM, BSRB og KÍ og samninganefndar ríkisins, Reykjavíkurborgar og

launanevndar sveitarfélaga frá 23. janúar 1997, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Verði því við komið, skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 og 06:00. Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst.

2.4.2 Lenging vinnulotu

Við sérstakar aðstæður, þegar þjarga þarf verðmætum eða þegar almannaeill krefst þess og halda þarf uppi nauðsynlegri heilbrigðis- eða öryggisþjónustu, má lengja vinnulotu í allt að 16 klst. og skal þá veita undantekningarlaust 11 klst. Hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til dagvinnulauna auk álags. Í þeim tilvikum að sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma, gildir eftirfarandi: Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð, er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar þannig að frítökuréttur, 1,5 klst. (dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út 0,5 klst. (í dagvinnu) af frítökuréttinum, óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld.

Vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags, skal fara með það á sama hátt.

Komi starfsmaður til yfirvinnu á frídegi eða helgi, greiðist yfirvinnukaup fyrir unninn tíma án frekari aukagreiðslna af þessum sökum.

Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi stofnunar í samráði við starfsmenn enda sé uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. 4 klst. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

2.4.3 Vikulegur frídagur

Á hverju 7 daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. 1 vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

2.4.4 Frestun á vikulegum frídegi

Að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir sem starfa hjá sömu stofnun eða á sama fasta vinnustað, fá frí á þeim degi. Þó má stofnun með samkomulagi við starfsmenn sína fresta vikulegum frídegi þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg.

2.4.5 Hlé

Starfsmaður á rétt á a.m.k. 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en 6 klst. Kaffi- og matarhlé teljast hlé í þessu sambandi.

2.4.6 Gildissvið

Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til samnings ASÍ, BHM, BSRB og KÍ og samninganefnda ríkisins, Reykjavíkurborgar og launanevndar sveitarfélaga frá 23. janúar 1997, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma og fylgir samningi þessum sem fylgiskjal og telst hluti hans. Framangreind ákvæði eru til fyllingar 13. gr. þess samnings.

Sjá einnig bls. 52, viðauki 9 um vinnutímasamninginn.

2.5 Kennsla í dagvinnu

2.5.1 Kennsla í dagvinnu

Kennsla kennara í dagvinnu í fullu starfi er 26 kennslustundir á viku í 37 vikur. Miðað er við að hver kennslustund sé 40 mínútur. Skólastjóra er þó heimilt að fela kennara allt að 30 kennslustundir á viku með samþykki hans enda sé þá létt á vinnuskyldu kennarans að öðru leyti.

Kennari á rétt á því að halda óbreyttri kennsluviðmiðun og kenna áfram 28 stundir /27 stundir á viku. Öll kennsla umfram kennsluskyldu (26 kennslustundir) greiðist sem yfirvinna. Kennari skal ár hvert tilkynna í síðasta lagi 1. apríl um ákvörðun sína í þessu efni vegna komandi skólaárs.

Fela má kennara forfallakennslu án aukagreiðslu, t.d. vegna þess að nemendur sem hann átti að kenna eru í ferðalagi, allt að fjölda þeirra kennslustunda sem hann átti að kenna þann daginn. Þrátt fyrir ákvæði 3. málsgreinar um að öll kennsla umfram kennsluskyldu (26) skuli greidd sem yfirvinna, á það ekki við ef skólastjóri og kennari koma sér saman um aukna kennslu gegn skerðingu annara starfa samanber 2. málsgrein.

2.5.1.1 Lækkun hámarkskennslu í dagvinnu

Hámarkskennsla nýliða í dagvinnu fyrsta árið í starfi lækkar um eina kennslustund á viku. Nýliði telst sá sem ekki hefur verið á föstum mánaðarlaunum í a.m.k. hálfu starfi við kennslu eitt ár eða lengur einhvern tíma á síðustu fimm árum.

2.5.2 Lækkun hámarkskennslu í dagvinnu vegna starfs- eða lífaldurs

2.5.2.1 Lækkun hámarkskennslu í dagvinnu við 55 og 60 ára aldur

Kennari sem nær 55 ára aldri á skólaárinu (skólaár miðast við upphaf ráðningartíma viðkomandi kennara) og hefur 10 ára kennsluferil að baki á rétt á því að minnka kennsluþátt starfsins í sem nemur 24 kest/viku gegn því að taka að sér önnur störf við skólann eða skóla sveitarfélagsins sem nemur 2 klst/viku umfram þann grunn sem kennara með 26 kest/viku ber að skila í önnur störf undir verkstjórn skólastjóra. Kennsluyfirvinna telst frá og með 25. kennslustund. Með sama hætti gildir að kennari sem nær 60 ára aldri á skólaárinu og hefur 10 ára kennsluferil að baki á rétt á því að minnka kennsluþátt starfsins í sem nemur 19 kest/viku gegn því að taka að sér önnur störf við skólann eða skóla sveitarfélagsins sem nemur 5 klst/viku umfram þann grunn sem kennara með 26 kest/viku ber að skila í önnur störf undir verkstjórn skólastjóra. Sá tími sem á vantar að fullri vinnuskyldu sé náð (2 klst) telst til óbundinnar viðveru í skólanum til ráðgjafar/handleiðslu og er ekki undir sérstakri verkstjórn skólastjóra. Kennsluyfirvinna telst frá og með 20. kennslustund.

2.5.3 Eining í kennslu, skilgreining

Hámarkskennsla í dagvinnu skv. 2.5.1 - 2.5.2 er miðuð við 40 mínútna kennslustundir. Séu kennslustundir lengri eða styttri en 40 mínútur, breytist einingafjöldi kennslustunda hlutfallslega.

2.5.4 Kennslustund

Hver 40 mínútna kennslustund í grunnskóla telst 1,0 eining. Fyrir kennara með fulla kennsluskyldu, 26 kennslustundir á viku, er undirbúningstími 10,67 klukkustundir á viku. Skólastjóri metur í samráði við hvern kennara hvort þörf sé fyrir rýmri undirbúningstíma.

Ákvarði skólastjóri í samráði við kennara viðvarandi aukinn undirbúningstíma skerðir það verkstjórnartímann og/eða minnkar kennsluskylduna sem því nemur.

Þeir kennarar sem kenna tónmennt og voru í starfi við undirritun og gildistöku kjarasamnings 1. ágúst 2001 og notið hafa álags á kennslu (1,15 einingar) halda því álagi á meðan þeir gegna óbreyttri stöðu hjá sama vinnuveitanda (þ.e. starfa samfellt við sama skóla).

Fjarkennsla getur valdið auknu álagi á kennara vegna aukins undirbúnings og úrvinnslu fyrir kennslu og vegna aukins álags við kennsluna (Samstarfsnefnd 11. júlí 2001). (Erindi liggur fyrir samstarfsnefnd þar sem óskað er nánari skilgreiningar á fjar- og dreifkennslu. - Hausti 2008)

Samstarfsnefnd staðfestir að kórstjórn krefst undirbúnings með sama hætti og kennsla (Samstarfsnefnd 21. apríl 2001)

2.6.1 Vinnuskýrsla

Vinnuskýrslan greinir frá skipulagningu vikulegrar vinnuskyldu kennara undir verkstjórn skólastjóra (42,86 -10,67 klst/viku m.v. fullt starf og 26 kest kennsluskyldu á 37 vikna starfstíma skóla) og rammur þannig af daglega viðveru kennara í skóla.

Vinnuskýrslan rammur einnig af töflusetta yfirvinnu. Skólastjóra er heimilt að færa til störf innan daglegs vinnuramma, sbr. kjarasamning, greinar 2.1.6.1 og 2.1.6.2.

Vinnuskýrsla er tilkynning skólastjóra um vinnumagn kennara til launaafgreiðslu.

Breytingar á vinnurammanum er einungis hægt að gera með samþykki beggja eða uppsögn ráðningar með lögmætum uppsagnarfresti.